

NÍELS RÚNAR GÍSLASON

Með nakta álfamær eftir Dag uppi á vegg

• heimili • jólin koma

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Tveggja hæða hús með aukaíbúð í kjallara

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



llæggra verð

**Apótekið**

Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. desember 2008 – 329. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Heilbriggt lífverni í hávegum haft

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi er sá tíundi í röð heilsuleikskóla á landinu.

TÍMAMÓT 16

### Góð stemning

Það var margt um manninn á tiskusýningu sem Ólafía Hrönn leikkona stóð fyrir í Kassarum.

FÓLK 22

### Fullvalda skáldskapur

„Íslendingar reyna um þessar mundir að átta sig á tilverunni, hverjir þeir eru og til hvers lífi þeirra er lífað“, skrifa þeir Kristján B. Jónasson og Pétur Gunnarsson.

Í DAG 16



VEIÐA SÍLD OG KOLA Súlan EA (til hægri) veiddi síld skammt frá landi í gær og flutti yfir í Margrétu EA. Afinn var ágætur og er reiknað með því að fullfermi fáiast í dag. Á hafnarbakkanum stóðu menn með veiðistangir og veiddu kola. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Síldveiðar við Reykjanes:

## Á veiðum 50 metra frá landi

**SJÁVARÚTVEGUR** Fjögur skip voru að síldveiðum að segja má við bryggjusporðinn í Keflavíkurböfn í gær. Álsej VE og Birtingur NK fengu fullfermi, en Súlan EA og Margrét EA lögðust að bryggju í Keflavík í gærkvöldi og er ætlunin að halda veiðum áfram í dag.

Höskuldur Bragason, stýrimaður á Margrétu EA, segir að lítið sé eftir í að fylla skipið og þá verði siglt á Norðfjörð til að landa. Afinn fer allur í vinnslu.

Hann segir síldina við Reykjanesið heldur minni en á Breiðafirði, þar sem flotinn var áður á veiðum. Þar hafi þó verið sýking í fiskinum og því betra að veiða við Reykjanesið. Fólk fylgdist með veiðunum af bryggjunni, enda fremur óvanalegt að sjá síldveiðar í fullum gangi ekki lengra frá landi við Reykjanesið.

- bj

# Í skoðun að breyta gjaldeyrislögunum

Hömlur á gjaldeyrsviðskiptum hindra uppbyggingu á gagnaveri. Stjórnvöld íhuga að breyta gjaldeyrislögunum samræmist þau ekki tilgangi sínum.

**VIÐSKIPTI** „Erlendir fjárfestar ætluðu flestir að fjármagna uppbyggingu okkar á næsta ári með hlutfé að langmestu leyti. Það er bannað samkvæmt gjaldeyrislögunum nú eins og ég skil þau,“ segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holdings.

Félagið er í eigu Novators, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar og bandaríska fjárfestingarsjóðsins General Catalyst Partners, sem hefur fjárfest nokkuð hér á landi.

Verne Holdings er langt komið með uppbyggingu á alþjóðlegu gagnaveri á gamla varnarliðssvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Fjárfestingin hljóðar upp á tuttugu millj-

arða króna á næstu fimm árum.

Þorsteinn segir menn enn vera að átta sig á gjaldeyrislögunum og reglum þeim tengdum og hafi hann rætt við bæði lögfræðinga og fjárfesta vegna þessa. „Okkur sýnist ekki önnur leið í málinu en sú að sækja um undanþágu. Það er ekki þægilegt því bandarískum fjárfestum finnst óþægilegt að leggja mikla peninga í verkefni sem er upp á náð og miskunn hins opinbera. Þeir óttast að undanþágan geti verið afturkölluð.“

Samkvæmt gjaldeyrislögunum, sem samþykkt voru á Alþingi aðfaranótt föstudags í síðustu viku, felst að viðskipti á milli innlendra og erlendra aðila með verðbréf og

aðra fjármálagerninga sem gefin eða gefnir hafa verið út í íslenskum krónum sé óheimil. Erlendum aðilum sé óheimil að kaupa fyrir milligöngu innlendra aðila verðbréf sem gefin hafa verið út í krónum.

Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, segir ólíklegt að löginn hamli fjárfestingu erlendra aðila hér. Markmið þeirra sé að skrúfa tímabundið fyrir útflæði gjaldeyris. Málið verði endurskoðað fljótlega, jafnvel fyrir mars á næsta ári. „Við munum ræða við þá aðila sem hafa áhyggjur. Ef atriði eru í lögunum sem samræmast ekki tilganginum er ekkert því til fyrirstöðu að fá lögunum breytt,“ segir hann.

- jab



METNAÐUR Hin 90 sæta ARJ-21 í jómfrúarfluginu yfir Sjanghæ. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Próunarafangi í Kína:

## Jómfrúarflug farþegaþotu

**KÍNA, AP** ARJ-21, fyrsta farþegaþotan sem Kínverjar hanna sjálfir og áforma fjöldaframleiðslu á, fór í sitt fyrsta tilraunaflug á föstudaginn. Það tókst að óskum.


„Þotan lét eðlilega að stjórn og flugið tókst vel,“ hafði Xinhuafréttastofan eftir Zhao Peng, einum þriggja flugmanna í jómfrúarfluginu. Eftir að fjöldaframleiðsla hefist á þessari 90 sæta þotu vonast framleiðandinn, AVIC, til að hún uppfylli um 60 prósent af eftirspurninni í Kína eftir slíkum farþegaþotum af minni gerðinni. - aa

**Frábær sigur**

Íslenska handboltalandsliðið vann frábæran sigur á heimsmesturum Þjóðverja ytra í gær.

ÍPRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG



**ÁFRAM FROST** Í dag verða norðvestan 10-18 m/s við suðausturströndina, annars hægari. Stöku el norðan til og austan annars nokkuð bjart veður. Frost 0-13 stig kaldast til landsins.

VEÐUR 4

**TENGI**

Blöndunartækjadagar 1-13 des.

25% afsl.

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15

Smíðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000 | Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

Georg, Ólafur Ragnar og Daníel snúa aftur í þriðju þáttaröðinni á næsta ári:

## Dagvaktin verður Fangavakt

**FÓLK** Þrátt fyrir yfirlýsingar þess efnis að ekki yrði framhald á Dagvaktinni hefur verið ákveðið að gera þriðju þáttaröðina um þá Georg, Daníel og Ólaf Ragnar. Mun hún fara fram í fangelsi. Þetta staðfestir Ragnar Bragason í samtali við Fréttablaðið. Dagvaktin fór létt með að fylgja eftir velgengni Næturvaktarinnar og er einn vinsælasti sjónvarpsþáttur í sögu Stöðvar 2.

Ragnar segir það ekki hafa verið mistök að lýsa

því yfir í fjölmiðlum að ekkert framhald yrði á ævintýrum þessarar þrenningar. „Um leið og tókum lauk í sumar byrjuðu fabúlur á framhaldi. Þær ágerðust síðan þegar á leið haustið og svo var bara tekin þessi ákvörðun núna,“ segir Ragnar sem segir síður en svo einhverja þreytu vera farna að gera vart við sig í hópnum. „Nei, alls ekki, það er nefnilega svo merkilegt, við erum ekkert orðnir leiðir á hver öðrum.“

- fgg / sjá síðu 30

DESEMBER

Kafbátur mánaðarins **6 tommu bátur**

**TÚNFISKBÁTUR 329kr.**

SUBWAY

Gildir í des. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

**Fylgstu með á www.jolamjolk.is**

Spennandi leikur hefst 1. desember.

glatmjólk

## SPURNING DAGSINS



Baldur, hvarflaði aldrei að þér að láta þig bara hverfa?

„Jú, jú, auðvitað hvarflar það að manni í þessum sporum.“

Baldur Brjánsson, fyrrverandi töframaður, kom fjórum bolabítahvölpum á legg. Hann segir það hafa verið gríðarlega þolraun.

Ferðamenn halda margir hverjir að allt sé á gjafverði á kreppuþjáðu Íslandi:

## Ferðamenn hafa neitað að borga

**FERÐAMENNSKA** Ferðamenn tíma sumir hverjir ekki lengur að fara í dýrari ferðir innanlands vegna þess hversu mjög landið hefur verið markaðssett sem ódýr áfangastaður. Þetta segir Kristján Kristjánsson hjá ferðaþjónustunni Mountain Taxi.

„Við erum að selja dýra vöru, sem eru þessar jeppaferðir okkar,“ segir Kristján. „Og við finnum fyrir því að fólk sé hætt að tíma að fara í þessar dýrari ferðir. Við höfum lent í því að fólk hefur neitað að borga,“ segir hann.

Kristján segir marga ferðamenn fá hálfgerð áfall þegar þeir átta sig á því hvað ferðirnar kosta.



**BJARTSÝNN** Kristján telur ekki að kreppan muni fæla frá sterkefnaða ferðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir eigi flestir von á að hér sé allt á gjafverði, eftir að hafa margir hverjir fengið ódýrt far til lands-

ins og séð auglýsingar þar sem Ísland er kynnt sem afar ódýrt land vegna kreppunnar.

„Við breyttum okkar verðlagningu í evrur fyrir hálfu ári,“ segir Kristján. Þeir hafi hins vegar ekki lækkað verðið þegar krónan féll. Hann kallar eftir samráði um verðlagningu meðal fyrirtækja í ferðaþjónustu. Ekki verði undan því vikist fyrir flest fyrirtæki að hækka sitt verð og best sé að gera það sem fyrst.

Kristján segist þó bjartsýnn fyrir hönd ferðaþjónustunnar og telur ekki að kreppan muni fæla frá sterkefnaða ferðamenn í leit að hágæða ferðaþjónustu.

- sh

Japanir afgreiða hval úr tolli:

## Íslenskt hvalkjöt á markað

**SIJAVARÚTVEGUR** Íslenskt hvalkjöt er komið á markað í Japan, að því er fram kemur í frétt á vef ABC-fréttaveitunnar. Langreyðarkjöt, 65 tonn, hefur legið í frystigeymslu síðan í byrjun júní á þessu ári, þegar það var flutt til Japans. Það var veitt haustið 2006.

Innflutningsleyfi var veitt fyrir kjötinu fyrir hálfri annarri viku og nú er búið að afgreiða það úr tolli og það er komið í umferð á Japansmarkaði.

ABC hefur eftir japönsku fréttastofunni Kyodo News að ákvörðun japanska yfirvalda sé líkleg til að kveikja undir andstæðingum hvalveiða.

- sh



**MEÐ OG Á MÓTI** Stuðningsfólk Somchai Wongsawat forsætisráðherra og ríkisstjórnar hans á útifundi í Bangkok í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óöldin í Taílandi:

## Sprengt á mótmælastöðum

**TAÍLAND, AP** Árásarmenn, sem virðast fylgja ríkisstjórn Taílands að málum, vörpuðu sprengjum að stjórnarandstæðingum sem þúsundum saman hafa setið um stjórnarráðsbyggingar í Bangkok og stöðvað alla umferð um stærstu flugvelli landsins til að þrýsta á um afsögn forsætisráðherra, Somchai Wongsawat. Fimmfíu og einn maður særðist af völdum sprenginganna.

Þá komu þúsundir fylgismanna stjórnarinnar á fund í miðborg Bangkok til stuðnings Wongsawat. Sprengingarnar og stuðningsfundurinn hafa hleypt illu blóði í mótmælendur og virðast til þess fallin að herða enn þann hnút sem stjórnarmál landsins eru komin í.

- aa

### SWISS

#### Heróínfíklar fá sitt

Öruggur meirihluti svissneskra kjósenda samþykkti í þjóðaratkvæðagreiðslu lög sem gera það að varanlegum þætti í heilbrigðiskerfi landsins, að djúpt sokknir heróínfíklar fá heróínskammta í boði kerfisins. Fjórðán ár eru síðan fyrst voru gerðar tilraunir með slíkt fyrirkomulag. Tillaga um að gera neyslu kannabifna löglega var hins vegar felld.

brjann@frettabladid.is

# Leit að rjúpnaskyttu haldið áfram í dag

Björgunarsveitarmenn hættu leit að rjúpnaskyttu eftir langan leitardag í gær. Mannsins hefur verið saknað frá því um hádegi á laugardag. Um 150 björgunarsveitarmenn leituðu á 80 ferkílómetra svæði í gær með aðstoð þyrlu og hunda.

**BJÖRGUN** Um 150 björgunarsveitarmenn leituðu í gær karlmanns um sjötugt sem saknað hefur verið frá því á laugardag. Maðurinn fór ásamt félögum sínum til rjúpnaveiða á laugardag nærri Skáldabúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Leit var hætt á níunda tímanum í gærkvöldi, en til stendur að hefja leit að nýju í birtingu í dag. Ekki stendur til að jafn fjölmennt lið leiti mannsins í dag.

Björgunarsveitarmenn úr um 30 björgunarsveitum leituðu mannsins í gær. Hann er reyndur veiðimaður, og sagður vel búinn.

Svæðið sem leitað var á í gær er stórt, um það bil 80 ferkílómetrar. Leitarskilyrði voru góð í gær, heiðskirt en mjög kalt, segir Jón Ingi Sigvaldason hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.

„Til leitar er svæðið ekki þæglagt, það er mikið um skorninga og gil sem gerir það af verkum að það er erfitt að leita,“ segir Jón.

Þyrla Landhelgisgæslunnar leitaði mannsins í gær. Þá voru sporhundar og leitarhundar á svæðinu. Björgunarsveitarmenn fóru um á fjór- og sexhjólum. Jón segir björgunarsveitarmenn haft allan þann búnað og mannskap sem þurft hafi til leitar, en gil, grjót og sprungur hafi torvaldað leitina.

Engar vísbendingar hafa borist um ferðir mannsins. Leitarhópar fundu í gær spor á svæðinu, en alls óvíst er að maðurinn sem leitað er hafi skilið þau eftir sig.



**SPOR** Leitarhópar röktu spor sem fundust á svæðinu í gær, en alls óvíst er að maðurinn sem leitað er hafi skilið þau eftir sig.

MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG



**OBAMA OG CLINTON** Forsenda fyrir ráðherradómi Hillarys var að Bill Clinton opinberaði fjármögnun stofnunar hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun Obama:

## Kynnir ráðherralista í dag

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, mun á blaðamannafundi í Chicago í dag tilkynna hverja hann hyggst skipa í nokkur helstu embættin í væntanlegri ríkisstjórn. Fyrir liggur að þar á meðal verða fyrrverandi keppinautar á borð við Hillary Clinton sem ætlað er að taka við utanríkisráðuneytinu.

Á ráðherralistanum verða bæði nánir samherjar Obama úr kosningabaráttunni, en líka einstaklingar sem koma ekki úr hans eigin herbúðum.

- aa

Margir heitir á hliðarlínunni:

## Mikill áhugi á Woolworths

**VIÐSKIPTI** Í kringum tíu fjárfestar og fyrirtæki hafa sýnt áhuga á protabúi móðurfélags Bresku verslanakeðjunnar Woolworths.

Smásöluhluti Woolworths fór í greiðslustöðvun á miðvikudag. Baugur á um tíu prósent í móðurfélagi Woolworths.

Breska dagblaðið Guardian segir að á meðal þeirra sem hafi áhuga á kaupum á þeim hluta rekstrarins, sem hefur leyfi til sölu á matvöru, séu matvörukeðjan Iceland, sem Baugur á að mestu, stórmarkaðirnir Tesco og Asda auk fleiri.

- jab

Fortune fjallar um efnahag Íslands og beinir spjótunum að seðlabankastjóra:

## Mikið gert úr þætti Davíðs

**EFNAHAGSMÁL** Fjallað er um hrún íslenska fjármálakerfisins í nýjasta hefti bandaríska viðskiptatímaritsins Fortune. Blaðið gerir mikið úr þætti Davíðs Oddssonar í hrúnu og lýsir honum sem gríðarlegum orlagavaldi í íslenski samtímasögu.

Í blaðinu er Davíð lýst sem skapstýggum og hæðnum fyrrverandi leikara og stjórnanda grínþátta í útvarpi sem nánast einn síns liðs breytti Íslandi úr einu fátækasta landi heims í það ríkasta. Þá er hann sagður eiga heiðurinn að því að Ísland varð aðili að EES-samningnum árið 1994, sem blaðið kallar stærsta skref sem Íslendingar höfðu þá tekið frá inngöngunni í NATO.

Blaðið hefur eftir heimildarmönnum úr röðum íslenskra ráðamanna og erlendum seðlabönkum að Davíð hafi farið kolrangt að fyrr á þessu ári þegar Seðlabankinn reyndi að tryggja Íslendingum lánalínur frá öðrum seðlabönkum. Hann hafi ritað stuttar orðsendingar til bankanna sem yfirmenn þar hafi alls ekki túlkað sem beiðnir um aðstoð.

Þá er „óútreiknanleg hegðun“ Davíðs í kjölfarið á yfirlýsingu um yfirtöku ríkisins á Glitni sögð hafa steypt meira að segja Kaupþingi í glötun, og kynt



**SEÐLABANKASTJÓRI** Blaðið segir Davíð hafa farið kolrangt að þegar hann reyndi að tryggja Íslandi lánalínur fyrr á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

undir vanda landsins hvað varðaði bæði efnahagsmál og milliríkjasamskipti.

- sh

## SPENNANDI OG SKEMMTILEG!

Sprellfjörug saga efir Gunnstein Ólafsson með myndum Freyðísar Kristjánsdóttur.



Jói fjörkálfur slöttir ærlega úr klaufunum!

Veröld  
Bræðraborgarstíg 9

# 6 X frítt í bíó!

Skiptu yfir til Nova, fáðu þér nýjan síma með 0 kr. útborgun og lækkaðu hjá þér símreikninginn í leiðinni!

Öllum símatilboðum fylgir bíókort – 6 X frítt í bíó!

2.000 kr. notkun í  
12 mán. með öllum  
símatilboðum!



Nokia 3120

útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Staðgreitt: 24.000 kr.



Nokia 5320 ExpressMusic

**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.  
2.000 kr. notkun fylgir!

Staðgreitt: 24.000 kr.

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun  
2.000 kr. greidd með kreditkort + 250  
kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.  
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort.  
Það er ódýrara að staðgreiða!

**0 kr. Nova  
í Nova!**

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!





## LÍTIL GENGISÁHÆTTA

Verðþróun og gengisbreytingar eru þættir sem ráða miklu um afrakstur af viðskiptum. Flugfrakt er hagkvæmur og hraðvirkur flutningsmáti sem opnar þér leið til að minnka viðskiptaáhættu vegna gengisbreytinga.



## MIKIL GENGISÁHÆTTA

BEINT FRAKTFLUG – 24 ÁFANGASTAÐIR  
Í EVRÓPU, BANDARÍKJUNUM OG KANADA.

[WWW.ICELANDAIRCARGO.IS](http://WWW.ICELANDAIRCARGO.IS)



## KJÖRKASSINN

Finnst þér umferð á höfuðborgarsvæðinu hafa minnkað?

JÁ	61,7%
NEI	38,3%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fagnaðir þú upphafi adventunnar í gær?

Segðu þína skoðun á visir.is.



Kallað eftir því að fólk leggi niður vinnu til að mæta á fund við Arnarhól í dag:

## Rætt um fullveldi á þjóðfundi

**FUNDUR** Borgarahlífinginn fagnar fullveldisdeginum í dag með þjóðfundi við Arnarhól. Fólk hefur verið hvatt til að leggja niður vinnu til að mæta á fundinn. Fundarstjórinn á von á þúsundum gesta.

Borgarahlífinginn er regnhlífarsamtök þeirra hópa og manna sem hafa haft sig í frammi undanfarnar vikur „vegna þess gjörningaveðurs sem fjármálamenn, stjórnvöld og embættismenn hafa kallað yfir þjóðina“, að því er segir í tilkynningu.

„Þemað er fullveldið,“ segir Edward Huijbens fundarstjóri. „Menn vilja meina að fullveldinu



**FUNDARSTJÓRINN** Edward Huijbens á von á að minnsta kosti jafnmiklum mannfjölda og mætt hefur á Austurvöll liðnar helgar.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

hafi verið ógnað með þessum nýjstu aðgerðum, meðal annars lániinu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum,

og við viljum bara undirstrika það að við erum fullvalda þjóð og hvað í því felst,“ segir hann.

Edward segist hafa fengið góðar undirtektir, nú síðast frá verkalyðshreyfingunum, og hann á von á svipuðum fjölda og mætt hefur á mótmælafundi á Austurvelli undanfarnar helgar, ef ekki fleirum.

Frummælendur á fundinum verða Einar Már Guðmundsson rithöfundur, Lárus Páll Birgisson sjúkraliði, Margrét Pétursdóttir verkakona, Snærós Sindradóttir nemi og Þorvaldur Gylfason hagfræðingur. Þá mun Erpur Eyvindarson rappa um þjóðmál. Fundurinn hefst klukkan þrjú.

Auðlind-Náttúrusjóður á legg:

## Stofna sjóð um náttúruvernd

**NÁTTÚRUVERND** Endurheimt votlendis og viðhald arnarstofnsins eru meðal fyrirhugaðra verkefna Auðlindar-Náttúrusjóðs, sem stofnaður verður formlega í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 17.00. Um er að ræða sjálfseignarstofnun sem vinnur að framkvæmdum á sviði umhverfisverndar og er ætlað að standa vörð um auðlindir, lífsgæði og fjölbreytni íslenskrar náttúru, að því er fram kemur í tilkynningu.

Meðal aðstandenda sjóðsins eru Vigdís Finnbogadóttir, Orri Vigfússon, Þórólfur Arnason, Andri Snær Magnason og María Ellingsen.

- sh

betri kaup

-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

Bréfsefni  
1000stk **32.040kr\***



LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörulýsing: 90g skrifpappír prentaður annars vegar í fullum lit. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf prófark að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. \*Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík  
sími 515 5000, www.odd.is



**HARMUR OG REIÐI** Íbúar Mumbai minnst fórnarlamba árásanna með kertaljósum í grennd við Taj Mahal-hótel. Víðstaddir létu líka í ljós reiði sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Indverjar reiðir yfirvöldum öryggismála

Innanríkisráðherra Indlands hefur sagt af sér vegna harðrar gagnrýni sem Indverjar beina að yfirvöldum vegna þess hvernig þau tóku á hryðjuverkaárásunum í Mumbai sem kostuðu minnst 174 lífið. Pakistanskur öfgahópur sagður ábyrgur.

**INDLAND, AP** Innanríkisráðherra Indlands sagði af sér í gær í kjölfar þeirrar gagnrýni sem á öryggisvöldum ríkisins hefur dunið vegna hinna blóðugu árása hryðjuverkamanna í Mumbai sem hófust síðastliðinn miðvikudag en ekki tókst að binda enda á fyrr en á laugardag. 174 létu lífið í árásunum, sem tíu manna hópur herskárra múslima frá Pakistan framdi að því er lögreglufyrirvöld í Mumbai fullyrða.

Í gær var enn verið að bera lík fólks út úr Taj Mahal-glæsihótelinu, en þar stóð viðureignin við vel vopnaða hryðjuverkamennina lengst, enda héldu þeir fjölda fólks, mikið til erlendum ferðamönnum, í gíslingu.

Innanríkisráðherrann Shivraj

Patil lagði inn afsögn sína og forsætisráðherrann Manmohan Singh féllst á hana í gær, að því er skrifstofa Indlandsforseta greindi frá.

„Ráðamenn okkar snúast í kringum sjálfa sig er saklausir láta lífið“, mátti lesa í fyrirsögn dagblaðsins Times of India.

Rakesh Maria, háttsettur lögreglustjóri í Mumbai, greindi frá því í gær að árásarmennirnir hefðu verið herskárir liðsmenn pakistönsku öfgasamtakanna Lashkar-e-Taiba.

Samtökin hafa lengi verið álitin búin til af pakistönsku leyniþjónustunni til að hjálpa til við að heyja óopinbert stríð við Indverja um yfirráð yfir Kasmír-héraði.

Áður hafði bandarískur emb-

ættismaður, sérhæfður í hryðjuverkavörnum, sagt að sum einkenni Mumbai-árásanna bentu til að Lashkar kynnu að vera að verki, ásamt öðrum hópi sem líka hefur látið að sér kveða í Kasmír. Bæði samtök eru sögð hafa tengst vil al-Kaída-hryðjuverkanetið.

Opinber tala látinna í árásunum var leiðrétt úr 195 í 174 í gær. Að sögn talsmanna yfirvalda höfðu sum líkin verið talin tvisvar. Þeir tóku fram að tala látinna gæti hækkað aftur þegar búið væri að finkemba Taj Mahal-hótelinu, þar sem fleiri lík kynnu að finnast.

Meðal hinna látnu voru átján útlendingar. Nfu af árásarmönnum tíu voru drepnir, einn var handtekinn á lífi.

audunn@frettabladid.is

Ekkert lát er á önnunum á skrifstofu Vinnumálastofnunar við Engjateig:

## Álag hjá Vinnumálastofnun

**VINNUMARKAÐUR** Stríður straumur hefur verið inn á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunar við Engjateig í Reykjavík frá því í byrjun október. Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður skrifstofunnar, segir að straumurinn hafi verið afskaplega mikill og álagið líka.

„Okkur finnst erfitt að það komi svo margir, það gat enginn séð það fyrir. Fólk lendir í röð og þarf að bíða, okkur þykir það afar óþægilegt,“ segir Hugrún og bendir á að fólk geti skráð sig atvinnulaust rafrænt að heiman og komið svo með gögnin.

„Álagið er misjafnt eftir dögum en í fjórar til fimm vikur hefur



**LEITT AÐ RÁÐIR MYNDAST** Leitt að biðraðir hafa myndast í atvinnuleysisráðningunni, að sögn Hugrúnar Jóhannesdóttur forstöðumanns.

straumurinn verið ansi mikill. Við erum alltaf að bíða eftir að því fari að linnna. Það er oftast mest að

gera upp úr mánaðamótum því að uppsagnir taka oft gildi fyrsta hvers mánaðar. Við höfum verið mest hissa hvað traffíkin hefur haldist eftir því sem liðið hefur á mánuðinn.

Hugrún segir að stór hluti þeirra sem koma að skrá sig séu útlendingar og þeir komi fyrst og fremst úr byggingariðnaði sem hafi að stórum hluta verið mannaður útlendingum. Íslendingarnir komi hins vegar úr ýmsum geirum, til dæmis fjármálageiranum og fasteignasölu.

Mörg norsk fyrirtæki hafa auglýst eftir starfsmönnum hér á landi undanfarið.

- ghs

**HÝSING  
– ENGAR  
ÁHYGGJUR**

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000  
Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000





# TempraKON®


hitajöfnunarsængin

100% Hreinn gæsadúnn



## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.



Astma-Allergi Forbundet




Registered trademark of the Space Foundation an initiative of the aerospace industry and NASA. Patented Outlast® Phase Change Technology is recognized by NASA as Certified Space Technology.



TempraKon hitajöfnunarsokkar  
Stærð: 36-45

Jólatilboð: **Kr. 5.900**



TempraKon hitajöfnunarsæng  
100% hreinn gæsadúnn  
Stærð: 140x200

Jólatilboð: **Kr. 31.920**



Joop sængurver  
Stærð: 140x200

Jólatilboð: **Kr. 13.520**



Tempur inniskór  
Stærð: 36-45

Jólatilboð: **Kr. 7.700**



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði  
Ópið virka daga frá kl. 10-18  
Laugardaga frá kl. 11-16

**NÝJUNG**

**Nýr Orkulykill**

**5 kr. afsláttur** þegar þú notar Orkulykillinn í fyrsta sinn!

**Alltaf 2 kr. afsláttur** af dælverði Bensinorkunnar sem kannanir sýna að er lægra en hjá öðrum!

**ORKAN**

SPÁÐU Í HVAD ÞÚ SPARAR!

[www.orkan.is](http://www.orkan.is)

Rannsókn samkeppniseftirlits Evrópusambandsins á starfsháttum lyfjarisa:

## Hindruðu sölu samheitalyfja

**BRUSSEL, AP** Lyfjakaupendur í Evrópu þurftu að greiða um þremur milljörðum evra, andvirði yfir 500 milljarða króna, meira fyrir lyf á árabílinu 2000-2007 vegna þess að lyfjafyrirtæki stóðu vísitandi í vegi fyrir sölu ódýrari samheitalyfja. Að þessari niðurstöðu hafa samkeppnisyfirkvöld ESB komist.

Niðurstöður rannsóknar sem samkeppniseftirlit ESB gerði hjá lyfjarisum - þar á meðal Pfizer, GlaxoSmithKline og Sanofi-Aventis - sýna að fyrirtækin hindruðu eða töfðu fyrir markaðssetningu samheitalyfja til að þau töpuðu ekki tekjum af arð-

bærari lyfjum, að því er greint var frá á blaðamannafundi í Brussel.

Lyfjafyrirtækin beittu dýrum lagaklækjum og öðrum brögðum til að tefja fyrir því að samheitalyfjafyrirtæki gætu tekið til við að framleiða samheitalyf þegar einkaleyfi voru útrunnin.

Neelie Kroes, sem fer með samkeppnismál í framkvæmdastjórn ESB, sagðist vonast til að lyfjafyrirtækin breyttu um hætti. „Þetta skiptir miklu því að meiri nýbreytni og hagkvæmari lyf þýðir betra líf og sparnað fyrir sjúklinga - og opinbera sjóði.“

- aa



**SJÚKLINGAR SNUÐADIR** Yfir 500 milljarðar sagðir hafðir af evrópskum lyfjakaupendum að óþörfu á árunum 2000-2007.

## Heimild til að aflétta bankaleynd til staðar

Ástæða er til að aflétta bankaleynd vegna rannsóknar á aðdraganda bankahrunsins, að mati prófessors, og því sem er nú að gerast í nýju bönkunum. Sérfræðingur segir að sama gildi um bankaleynd og þagnarskyldu ýmissa stétta.

**STJÓRNSÝSLA** Bankaleynd er háð takmörkunum og lagaramminn veitir nú þegar ýmsar heimildir til að aflétta henni. Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, HR, bendir á að upplýsingar um fjárhagsmál séu ekki skilgreindar sem sérstaklega viðkvæmar persónuupplýsingar í lögum um persónuvernd. Mörg lagasetningin í þjóðfélaginu undanfarið höggvi nær réttindum borgaranna en lög sem væru sett til að afnema höft á upplýsingagjöf, til dæmis til rannsóknarnefndar.

Oddný Mjöll segir að lagasetning undanfarið sé gjarnan rökstudd með því að aðstæður séu sérstakar og því þurfi að veita ríkinu meira svigrúm en ella til nauðsynlegra ráðstafana vegna almannahagsmuna. Þetta sjónarmið segir hún að sé gilt en að sama skapi sé ástæða til að aflétta bankaleynd innan skynsamlegra marka, til dæmis með nýrri löggjöf í ljósi aðstæðna.

Ef bankaleynd yrði aflétt með lagasetningu í þágu rannsóknar færi fram mat á nýju löggjöfinni eins og hverri annarri löggjöf gagnvart meginreglum um vernd persónuupplýsinga og almannahagsmuna. „Ef rannsókn varðar öll atvik í aðdraganda bankahrunsins í landinu þá er ekkert ólíklegt að slík löggjöf stæðist slíkt mat,“ segir hún. „Maður skyldi ætla að það séu ríkir almannahagsmunir að upplýsa hvað liggur til grundvallar bankahruninu og hvaða starfsemi á sér stað innan bankanna sem nú eru ríkisbankar.“



**RETTARSTAÐAN ALLT ÖNNUR** Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík, telur mikilvægt að halda til haga að réttarstaðan sé allt önnur í bönkunum nú en áður. Verið sé að höndla með fé frá ríkinu og því séu það ríkir almannahagsmunir að hafa eftirlit með og rannsaka aðdraganda bankahrunsins og það sem er að gerast í nýju bönkunum.

Maður skyldi ætla að það séu ríkir almannahagsmunir að upplýsa hvað liggur til grundvallar bankahruninu.

**ODDNÝ MJÖLL ARNARDÓTTIR** PRÓFESSOR VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

Oddný Mjöll telur mikilvægt að halda því til haga að réttarstaðan sé allt önnur í bönkunum nú en áður. Nú sé verið að höndla með fé frá ríkinu og þess vegna séu það ríkir almannahagsmunir að hægt sé að hafa eftirlit með og rannsaka atburðarásina. Rannsóknarnefndir þurfi að hafa heimildir til að skoða nýju bankana.

Sigurður Tómas Magnússon, sérfræðingur við HR, segir að það sé „ekkert sérstakt í sjálfu sér þó bankaleynd sé mikið flaggað“ í þjóðfélaginu núna enda takmarkist hún af öðrum lagaákvæðum. Sama gildi um bankaleynd og trúnaðar- og þagnarskyldu ýmissa stétta á borð við presta og lækna. Í opinberu máli geti dómari metið hvort þagnarskylda heldur miðað við hagsmuni í málinu eða ekki.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, segir að mikilvægt sé að ekki sé gert lítið úr bankaleynd. Það grafi undan trúverðuleika fjármálakerfisins til framtíðar.

ghs@frettabladid.is

Samtök iðnaðarins boða til almenns félagsfundar

**Staða efnahags- og atvinnumála**

**Þriðjudaginn 2. desember**  
kl. 16:30 - 18:30 á Grand Hótel Reykjavík, salur Gullteigur A

**Dagskrá:**

- Helgi Magnússon, formaður SI
- Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI

Almennar umræður og fyrirspurnir

**Fundarstjóri:** Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 591-0100 eða sendið tölvupóst á [mottaka@si.is](mailto:mottaka@si.is) eigi síðar en fyrir hádegi 2. desember.

Samtök iðnaðarins - [www.si.is](http://www.si.is)

Auglýsingasími

**512 50 50**

Mest lesið

## Gólfdukur skynsamleg, smekkleig og hagkvæm lausn



**Eldhúsið**  
hjarta heimilisins




**Svefnherbergið**  
þægilegt andrúmsloft



**Forstofan**  
einfaldara verður það ekki



**Stofan**  
alltaf jafn heimilislegt



**Badherbergið**  
hlýtt og mjúkt undir fæti

**Forbo**  
FLOORING SYSTEMS

**Heimilisdúkur, sígild lausn:**  
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval  
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með  
**gólfdukk og teppi**

**KJARAN**  
GÓLFÞUNADUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510



# JÓLATILBOÐ



**RÚMSTÆDI**  
með heilsudýnu (160x200).  
Innifalið botn, rammi og gafl.  
Hægt er að velja um fjórar  
tegundir af heilsudýnum.

Verðdæmi:  
Áður 247.181 kr.  
NÚ 173.027 kr.  
= 74.154 kr.  
**AFSLÁTTUR!**

**30%**  
**AFSLÁTTUR!**

# REKKJUNNAR

## GEFÐU GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR

Í REKKJUNNI FÆRÐU GJÖF HANDA ÞÍNUM NÁNUSTU SEM GERIR HVERJA NÓTT GÓÐA NÓTT

BEYNA GÓÐA NÓTT Í JÓLAGJÖF Í ÁR  
**20%**  
AFSLÁTTUR  
af öllum sængurfatnaði til jóla

**JÓLATILBOÐ**  
Sængurver frá  
4.240 kr.



**20%**  
AFSLÁTTUR!

**JÓLATILBOÐ**  
Heilsukoddar frá  
5.900 kr.

**EINSTÖK**  
**JÓLATILBOÐ**  
á Kauffmann sængum  
Verð frá  
25.920 kr.



**KAUFFMANN**

Hitajöfnunar  
dúnsængurnar frá  
Kauffmann sem hafa  
farið sigurför um heiminn.

**AVERY**  
Queen size (153x203)  
Verð 155.000 kr.  
**JÓLATILBOÐ**  
99.500 kr.  
= 55.500 kr.  
**AFSLÁTTUR!**



**rekkjan**

# 90 ára afmæli fullveldis á Íslandi



**Þér er boðið til 90 ára afmælis fullveldisins í Salnum í Kópavogi í dag 1. desember. Samkoman hefst klukkan 17:00. Adgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

## Dagskrá:

### Þórarinn Eldjárn

fer með ljóð

Ávörp flytja:

**Styrmir Gunnarsson** fv.

ritstjóri

**Katrín Jakobsdóttir**

alþingismaður

**Kári Stefánsson** forstjóri

### Tónlistaratridi:

#### Egófónía III

Eydís Frandsdóttir

óbóleikari flytur

Egófóníu III

eftir Svein

Lúðvík Björnsson

#### Diddú og Jónas

Sigrún Hjálmtýsdóttir

syngur ættjardarsöngva

við undirleik Jónasar

Ingimundarsonar

Undirrituð hvetja fólk til að fjölmenna í Salinn í Kópavogi á fullveldisdegi íslensku þjóðarinnar. Með því leggjum við okkar að mörkum til varðveislu fullveldis landsins á viðkvæmum tímum í stjórnmálalífi og efnahag þjóðarinnar. Við leggjum áherslu á vinsamleg samskipti og samstarf við aðrar þjóðir og hvetjum til opinnar umræðu um Evrópumál. Við teljum að aðild að Evrópusambandinu fæli hins vegar í sér víðtækt framsal valds og réttinda til stjórnarstofnana ESB í Brussel, þar á meðal yfirráð yfir helstu auðlindum landsins. Við teljum því að ESB aðild sé andstæð frelsi og fullveldi þjóðarinnar og samrýmist ekki hagsmunum Íslendinga. Jafnframt teljum við ljóst að aðstedjandi efnahagsvandi verði ekki leystur með aðild eða aðildarviðræðum að ESB.

Ingvar P. Guðbjörnsson

Guðrún María Óskarsdóttir

Sigurður Kári Kristjánsson

Kolbrún Stefánsdóttir

Sigurður Þórðarson

Ragnar Arnalds

Jón A. Jónsson

Hörður Guðbrandsson

Hjörtur Jónas Guðmundsson

Ása Sigurðardóttir

Haukur Gardarsson

Sigurður Ragnarsson

Axel Jóhann Axelsson

Kolbeinn Þór Axelsson

Brynja Björg Halldórsdóttir

Heiðrún Lind Marteinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Rúnar Guðbjartsson

Sigríður Gunnarsdóttir

Ingvar Gíslason

Jón Viðar Þorsteinsson

Þórður Ottósson Björnsson

Jón Guðbjörn Guðbjörnsson

Eva Sveinbjörg Einarsdóttir

Kjartan Gunnarsson

Guðmundur Hafsteinsson

Davíð Örn Jónsson

Árni Þór Sigurðsson

Styrmir Gunnarsson

Burkni Pálsson

Eva Pétursdóttir

Hans Haraldsson

Herdís Dögg Sigurðardóttir

Sigurður Helgason

Viðar Helgi Guðjohnsen

Þorsteinn Ólafsson

Þórir P. Agnarsson

Heimssýn - hreyfing sjálfstæðisinnna í Evrópumálum

<http://heimssyn.is/> - [heimssyn@heimssyn.is](mailto:heimssyn@heimssyn.is)

Skipulag á Hljómalindarreitnum:

## Sjö hæða hótél á áætlun

**SKIPULAGSMÁL** Fjármögnun byggingar sjö hæða hótels, annarra nýbygginga og uppþiðs torgs á svokölluðum Hljómalindarreit er ekki tryggð. Framkvæmdirnar eru þó enn á áætlun. „Við tókum ákvörðun um að fá deiliskipulag-ið samþykkt áður en við færum að huga að fjármögnun,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri Festa ehf., sem standa fyrir framkvæmdunum.

Deiliskipulag er nú í kynningu hjá borgaryfirvöldum. Nái vonir fram að ganga hefst jarðvinna næsta haust. Svæðið tekur til Laugavegs 19, Klapparstígs, Smíðjustígs og Hverfisgötu.

- hhs



**HLJÓMALINDARREITUR** Fjármögnun framkvæmda á reitnum hefur ekki verið tryggð. Þó hefur ekki verið hnikað frá framkvæmdaáætlun. MYND/ARKITEKTUR.IS



**ÓLAFSFIJÖRÐUR** Meðal þess sem andstæðingar nýs hesthúsahverfis óttast eru áhrif á lífríki Ólafsfjarðarvatns og lyktar- og sjónmengun. MYND/GK

## Hesthús á Ólafsfirði vekja áhyggjur íbúa

Fyrirhugaður flutningur á hesthúsahverfi Ólafsfirðingar nær íbúabyggðinni mætir andstöðu íbúa. Þeir segja útivistarsvæði skerðast. Veidifélag Ólafsfjarðar óttast að eiturefni berist í Ólafsfjarðarvatn.

**SKIPULAGSMÁL** Fyrirhugað hesthúsahverfi í Ólafsfirði mætir harðri andspyrnu margra á staðnum.

Núverandi hesthúsahverfi í Ólafsfirði stendur nokkuð fyrir innan kaupúnið. Samkvæmt nýju deiliskipulagi, sem meirihluti skipulags- og umhverfisnefnda Fjallabyggðar samþykkti, verður hverfið flutt vegna snjóflóðahættu að suðurenda flugbrautarinnar. Þar á það að standa um 400 metra frá íbúabyggðinni.

„Það svæði sem taka á undir þetta er mikið notað af fólki sem gengur þarna sér til heilsuþótar og einnig hafa hundaeigendur mikið notað þetta svæði. Ljóst er að þessi tillaga skerðir mjög notkunarmöguleika svæðisins fyrir aðra en hestamenn,“ segir í mótmælalabréfi til bæjaryfirvalda. „Bendum við á sjón- og einnig lyktarmengun sem við teljum að muni í ákveðnum veðuráttum ná til þeirra sem næst búa,“ segir í öðru bréfi.

Veidifélag Ólafsfjarðar er á móti flutningi hesthúsahverfisins vegna nálægðarinnar við Ólafsfjarðarvatn sem er á náttúruminjaskrá. Félagið leitaði umsagnar Veidimálastofnunar sem mælist til þess að haft sé um 100 metra frísvæði næst ám og vötnum. „Mikilvægt er að hanna hverfið með það í huga að ekki fari eiturefni frá hverfinu út í

vatnið og lífræn efni verði brotin niður í rotþróum áður en þau fara út í stöðuvatnið,“ segir Veidimálastofnun.

Skipulags- og umhverfisnefnd telur ekki að ástæða sé til að hafa áhyggjur af lyktar eða sjónmengun. Vardandi fullyrðingar um skerðingu á útivistarsvæði bendir nefndin á að hestamennska sé ein af vinsælustu fjölskylduútvistarafþreyingum á Íslandi. „Ekki er talin ástæða til að álykta að hestamennskan rýri útivistargæði svæðisins í heild, heldur geti hún verið afgerandi þáttur í að styrkja það,“ segir skipulagsnefndin. Samkvæmt skipulagsnefndinni verður hesthúsahverfið hvergi nær vatnsbakkanum en 50 metra. Það sé í samræmi við skipulagsreglugerð.

„Vandséð er að þessar framkvæmdir geti haft í för með sér áhrif á fiskigengd í vatninu, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti,“ segir skipulagsnefndin og áréttar að landrými í Ólafsfirði sé mjög takmarkað. „Því er ekki unnt að verða við tilmælum Veidimálastofnunar í þessu tilviki um meiri fjarlægð frá vatni.“

Þá útskýrir skipulagsnefndin að ekki sé hægt að hafa byggingarnar fjær vatninu því húsin næst fjallshlíðinni séu eins nálægt snjóflóðahættulínu og leyfilegt sé. [gar@frettabladid.is](mailto:gar@frettabladid.is)



## Sjálfbærni á tímamótum

Málþing Félags umhverfisfræðinga á Íslandi, Hótel Sögu, 2. hæð, Yale-fundarsal, þriðjudaginn 2. desember 2008, kl. 15:00-17:30

### Dagskrá málþings

#### Setning

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður Félags umhverfisfræðinga á Íslandi

#### Umhverfisvernd sem höfuðgildi Íslendinga - gott orðspor í umhverfismálum

Gunnar Hersveinn, rithöfundur

#### Feminismi og náttúruvernd

Irma Erlingsdóttir, forstöðukona RIKK, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafraeðum, Háskóla Íslands

#### „Natural Capitalism“

Brynhildur Davíðsdóttir, dósent í umhverfis- og auðlindafræðum, Háskóla Íslands

#### Sjálfbærni og nýsköpun

Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

#### UMRÆÐUR

Fundarstjóri: Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Umis ehf.

Allir velkomnir



# Græddu glöfjir

Öll jólainnkaupin  
Til: Þín endurgreidd  
Frá: Office1

1. 500 kr. inneign á hnattlíkan. ✓
  2. 500kr. inneign á þúsl ✓
  3. 1500kr. inneign á tungumáladisk ✓
  4. 500kr. inneign á DVD mynd ✓
  5. 500kr. inneign á jólapappír ✓
  6. 2000kr. inneign á skrifborðsstól ✓
  7. 500 inneign á SES föndurvörur ✓
  8. 3000kr. inneign á skrifborð ✓
  9. 500kr. inneign á fjölskylduspil ✓
  10. 5000kr. inneign á prentara ✓
- Samtals Inneign = Kr. 14.500.-

## Stimpilkortið

Í hvert skipti sem þú verslar bók hjá Office1 færður stimpil og gjöf í formi inneignar á einhvern ákveðinn vöruflokk eða vöru. Því fleiri bækur sem þú verslar verður gjöfin veglegri. Allir sem nota stimpilkortið eiga svo möguleika á að fá alla jólapakkana endurgreidda\*

\*Þegar þú hefur verslað bók eða bækur og fengið stimpil í stimpilkortið fyllir þú út persónuupplýsingar aftan á kortið sem er í öllum verslunum Office1. Stimpilkortið ásamt kvittun er sett í jólakassa sem staðsettur er við afgreiðslu borðin í Office1. Vikulega verður heppinn viðskiptavinur dreginn út og fær öll jólainnkaupin á kassakvittun þar sem bókaupin koma fram endurgreidd.



HTHT



Jólabókabúðin þín

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

# NICOTINELL

Fæst nú hjá okkur!



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell



Fæst á sölustöðum Shell á höfuðborgarsvæðinu

**Neytendur:** Um jólamat Íslendinga

## Hangikjöt er ekki hangikjöt



**DR. GUNNAR**  
neytendur@frettabladid.is

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú er runninn upp tími hangikjötsins. Einar Vilhjálmsson vill benda á að það hangikjöt sem í boði er ætti í raun að heita eitthvað annað. „Þetta er bara reykt kjöt og sprautað með saltpækli inn að beini. Þegar þú tekur belginn og kreistir hann vellur pækillinn út, svo þetta er bara svin. Kjötinaðarmaður sagði mér að það væri um og yfir þrjátíu prósent pækill af heildarþyngdinni.“

Einar segir að hið raunverulega hangikjöt sé það sem hann fékk á æskuárum sínum fyrir austan. „Þá hengu lærin uppi til jóla og svo voru skornir bitar af þeim, ekki ósvipað færeyska skerpukjötinu. Kjötíð var

reykt með sverði [nf. svörður] og lyngi en ekki með taði, sem mér finnst satt að segja hálfógeðslegt.“

Ég hafði samband við ónafngreindan kjötinaðarmann sem staðfesti sögu Einars. „Kjötíð var náttúrulega bara hengt upp í gamla daga af því það voru ekki til aðrar geymsluáferðir,“ segir hann. „Þetta er reykt og saltað kjöt en heitir hangikjöt af gömlum vana. Sumt af þessu kjöti er saltpækilsprautað, en alls ekki allt. Í flestum tilfellum er tekið fram á umbúðunum ef það er sprautað.“

Vilji fólk „gamla fílinginn“ er hægt að kaupa svokallað „tvíreykt sauðalæri“, meðal annars í Fjarðarkaupum og Þinum verslunum, og henga upp. „Það er borðað hrátt og er oft frekar salt,“ segir kjötinaðarmaður. „Þótt þetta sé kallað sauðalæri er þetta oftast kjöt af veturgamalli gimbur. Kjöt af gimbur er bragðbetra og laust við hrútabragðið.“

Hæstiréttur Írans:

## Kona verður grýtt til dauða

**ÍRAN, AP** Hæstiréttur Írans hefur staðfest dauðadóm yfir konu sem verður grýtt til dauða fyrir hjúskaparbrot í borginni Shiraz.

Hæstiréttur staðfesti einnig annan dauðadóm yfir konu sem fundin var sek um að láta myrða eiginmann sinn. Vitorðsmaðurinn var dæmdur í 15 ára fangelsi og til að þola 100 svipuhögg fyrir hördóm en hlaut þó ekki dauðadóm þar sem hann var kvæntur. Algennt var að fólk væri grýtt fyrir hjúskaparbrot á fyrstu árunum eftir byltinguna 1979 en refsingunni hefur verið beitt mun sjaldnars síðustu ár. Stjórnvöld segja að nú sé dómum sjaldnast framfylgt.

- hs

### SPÁNN

#### CIA-flug rannsakað

Utanríkisráðuneyti Spánar hyggst rannsaka hvort fyrri ríkisstjórn landsins hafi veitt heimild fyrir leyflegu fangaflugi bandarísku leyningunna CIA um spænska lofthelgi og flugvelli. El Pais birti um helgina leyningu frá ársbyrjun 2002, sem sagt er sanna að bandarísk yfirvöld hafi beðið spænsk yfirvöld um slíka heimild.

# Geir skrifar vinabjóðum

Geir H. Haarde forsætisráðherra ritar opið bréf til þjóða sem styðja við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Bréfið birtist í dagblöðum í víðeigandi ríkjum í dag.

Nú gengur yfir heiminn alvarlegasta fjármálakreppa sem um getur í marga áratugi og svo gæti farið að líta verði enn lengra aftur til fortíðar í leit að sambærilegum atburðum. Afleiðingarnar hafa þegar orðið verri á Íslandi en víðast hvar annars staðar og fall þriggja banka í einkaeygu haft í för með sér gríðarlegt fjárhagslegt tjón á Íslandi. Við þessar erfiðu aðstæður neyddist íslenska ríkið til að leita aðstoðar alþjóðastofnana og vinabjóða. Það var gert í þeirri ákveðnu viðleitni að endurreisa fjármálakerfi landsins, standa vörð um velferðarkerfið og aðra innviði samfélagsins og standa við skuldbindingar okkar gagnvart öðrum ríkjum, líkt og við höfum ávallt gert.

Þegar náttúruhamfarir hafa dunið á Íslendingum, t.d. í eldgosinu í Vestmannaeyjum árið 1973, hafa margar vinabjóðir brugðist við með skjóttum og rausnarlegum hætti okkur til stuðnings á sama hátt og við höfum af fremsta megni reynt að rétta öðrum hjálpaðum á ögurstundum. Nú þegar ganga yfir hamfarir af mannavöldum er hughreystandi að viðbrögðin eru ekki síðri en áður. Fjármálakreppan er hnattræn og Íslendingum er vel kunnugt að það eru víðar erfiðleikar og að stjórnvöldum hvarvetna ber fyrst skylda til að gæta hagsmuna og öryggis eigin borgara. Þakklæti Íslendinga fyrir greiðviki vinabjóða er einlægara fyrir vikið og eykur bjart-sýni um breiða samstöðu um aðgerðir til að binda enda á heimskreppuna.

Engin ábyrg ríkisstjórn sækist eftir að fá að láni háar fjárhæðir að ástæðulausu, einkum þegar loks hefur náðst það langþráða markmið að greiða nánast allar skuldir ríkissjóðs, en því miður varð ekki hjá því komist að leita eftir lánnum. Lánveitingar alþjóðastofnana og vinabjóða gera okkur kleift að hefja endurreisnarstarfið og gefa okkur von um að ná árangri fyrr en ella. Auk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, þar sem Ísland hefur átt aðild frá árinu 1946, hyggjast Færeyjar, Pólland, Noregur, Danmörk, Finnland, Svíþjóð og Rússland lána Íslandi fé, auk þess sem hugsanlegt er að Evrópusambandið taki þátt í sameiginlegu átaki ofangreindra aðila. Tveggja ára framkvæmdaáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins gerir

ekki ráð fyrir að þetta fé renni beint í íslenska hagkerfið, heldur að það verði notað sem varasjóður til að gera Seðlabanka Íslands kleift að koma á eðlilegum gjaldeyrismarkaði sem er forsenda efnahagslegs bata og endurreisnar. Jafnframt er ljóst að með lánsfénu tekst ekki að tryggja óbreytt ástand á Íslandi heldur mun það skapa aðstæður sem gera Íslendingum betur kleift að ráðast í nauðsynlegar umbætur á stjórnkerfinu og fjármálakerfinu á næstu mánuðum og árum.

Þjóðin hefur glögg sögulegt minni og hún gleymir ekki góðum gjörningi vinar þegar mikið liggur við.

**GEIR H. HAARDE**  
FORSÆTISRÁÐHERRA

Hraði og umfang falls íslensku bankanna og mjög áþreifanlegar afleiðingar þess á Íslandi valda því að Íslendingar eru skiljanlega mjög uggandi yfir eigin hag og alþjóðlegri stöðu og framtíð þjóðarinnar. Ástandið er mjög alvarlegt en með skilvirkum aðgerðum íslenskra stjórnvalda, samstöðu þjóðarinnar og siðferðilegum, pólitískum og fjárhagslegum stuðningi alþjóðastofnana og vinabjóða verður það einungis tímabundið. Fámennir og fátækir Íslendingar stofnuðu sjálfstætt lýðveldi og brutust til bjargálna við mjög erfiðar ytri aðstæður og afkomendur þeirra geta því vel unnið bug á núverandi vanda-málum. Það er engin ástæða til að láta hugfallast. Á Íslandi er mannaður og náttúruauðlindir sem geta tryggt áframhaldandi uppbyggingu velferðarsamfélags og ábyrga og virka þátttöku lýðveldisins í samfélagi þjóðanna. Það verður á meðal helstu markmiða ríkisstjórnarinnar að stuðla að framsekinni og sjálfbærri nýtingu sjávarfangs og endurnýjanlegra orkugjafa til að geta stutt við aukna nýsköpun og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi, þannig að Íslendingar nýti áfram menntu sína og þekkingu í þágu uppbyggingar komandi kynslóða á Íslandi.

Það hefur ávallt verið rík söguleg vitund á Íslandi. Stundum getur hún villt mönnum sýn í fortíðarhyggju en oftar auðveldað þeim að setja samtímann í víðara samhengi. Þjóðin hefur glögg sögulegt minni og hún gleymir ekki góðum gjörningi vinar þegar mikið liggur við.

Olis er leyfishafi Quiznos á Íslandi

## 12 STAÐIR

OLIS ÁLFHEIMUM, OLIS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRDUM, OLIS MJÖDD, OLIS NORÐLINGAHOLTI, NYBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLIS AKRANESI, OLIS AKUREYRI, OLIS BORGARNESI, OLIS KEFLAVÍK, OLIS REYÐARFIRÐI



Quiznos SUB

# Bilað?

Við gerum við flestar tegundir af heimilistækjum og rafmagnsverkfærum

**EGILL**  
ÞJÓNUSTUVERSKTÆÐI



- ✓ Kæli- og frystiskápar
- ✓ Þvottavélar og þurrkarar
- ✓ Ofnar og helluborð
- ✓ Bosch, Dremel og Skil rafmagnsverkfæri
- ✓ Rafmagns nuddpottar

Egill þjónustuverkstæði  
Smiðjuvegi 9a, 200 Kópavogur.  
Sími: 554 4445, fax: 554 4476.  
Veffang: www.egill.is Netfang: egill@egill.is

# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel fjárfestu í heilsunni

Við bjóðum 6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## JÓLATILBOÐ



**Stór pakki**  
fylgir heilsurúmum  
frá Svefn og heilsu  
Lök, silkidamask sængurverasett  
og hlífðardýnur  
Verðmæti allt að kr. **55.200**



## PROFLEX

Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótórar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu.  
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 384.900.  
Nú á jólatilboði kr. **327.165** stgr.

Ein besta heilsudýna í heimi

## IQ-CARE

Queen rúm kr. 189.900,-  
King rúm kr. 269.900,-



## S-CAPE

WALLHUGGER



Sá nýjasti og besti frá Leggett

S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótarar.
- 2 öflugir nuddmótorar með tímarofa.
Til leigu glæsilegar skrifstofuhæðir í nýlegu lyftuhúsi á frábærum útsýnisstað í miðborginni. Um er að ræða hálfa 2. hæð, alla 3. hæð og alla 4. hæð hússins, samtals 1.132 fm að stærð. Á 2. hæð er sameiginleg móttaka, 4 afstúkaðar skrifstofur og opið vinnurými. Á 3. hæð eru 9 afstúkaðar skrifstofur, móttaka, fundarherbergi og opin vinnurými. Á 4. hæð er stór salur með mikilli lofthæð sem nýttur hefur verið sem fundarsalur og mótuneyti með eldhúsi. **Eignin getur leigst í heilu lagi eða hlutum.**



### Skipholt- skrifstofuhúsnæði til leigu

Til leigu glæsileg 258,7 fm skrifstofuhæð í nýlegu lyftuhúsi við Skipholt. Hæðin skiptist í móttöku, opið vinnurými, eldhús með góðum innréttingum, fundarherbergi, 5 afstúkaðar rúmgóðar skrifstofur og snyrtingar auk stórrar geymslu/tæknirýmis með kælingu og tækjarymis. Náttúruflisar og línuleumdúkur á gólfum. **Hæðin getur leigst með öllum húsgögnum. Næg bílastæði.**



### Núpalind-Kópavogi. 3ja – 4ra herb.

Falleg 117,3 fm 3ja - 4ra herb. íbúð á 2. hæð þ.m.t. sér geymsla í kj. Stórar og bjartar stofur og 2 rúmgóð herbergi. Hægt er að útbúa herb. úr hluta stofu (á teikn.). Innréttingar úr maghogni og eikarparket á gólfum. Svalir til suðausturs. **Stutt í skóla og þjónustu. Verð 25,8 millj.**



### Bakkastaðir. Endaraðhús.

Glæsilegt 185 fm endaraðhús með innb. bílskúr. Aukin lofthæð er nánast í öllu húsinu. Stórt eldhús/borðstofa með eyju, stórt fataherb. innaf hjónaherbergi, 2 barnaherb. og baðherbergi með hornbaðkari og mosaiklóðum sturtuklefa. Gróin lóð með fallegri lýsingu og stórrí viðarvernd. Hiti í innkeyrslu og stétt fyrir framan hús. **Glæsilegt útsýni út á sundi. Verð 52,9 millj.**



### Andrésbrunnur. 2ja herb.

Mjög góð 70 fm íbúð á 3. hæð, efstu, þ.m.t. geymsla í góðu lyftuhúsi í Grafarholti. Fallegar innréttingar úr maghogni. Rúmgóðar suðursvalir. **Laus til afh. strax. Stutt í skóla. Verð 19,5 millj.**



### Þórðarsveigur. 2ja herb.

62,5 fm útsýnisíbúð á 5. hæð í nýlegu lyftuhúsi í Grafarholti. Þvottaherbergi innan íbúðar. **GÓÐ ÚTSÝNISÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ MEÐ ALLA HELSTU ÞJÓNUSTU, SKÓLA OG NÁTTÚRUNA Í NÆSTA NÁGRENNI. ÁHV. LÁN FRÁ ÍLS UPP Á 13. MILLI. Verð 18,2 millj.**



### TIL SÖLU EÐA LEIGU

### Grundarstígur. 2ja herb.

Útsýnisíbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í Þingholtunum. Endurnýjað baðherbergi og rúmgóð og björt stofa. **Verð 17,5 millj.**



### Eskihlíð – 4ra herb.

Rúmgóð og vel skipulögð 105,8 fm íbúð á 3. hæð auk 7,87 fm geymslu. Samliggjandi stofur með útg. á svalir til vesturs og 3 herbergi. Þvottaadst. á baðherb. Góð eign á þessum eftirsóttasta stað. **Verð 25,8 millj.**



### Hörðaland. 4ra herb.

Glæsileg 84 fm íbúð á 2. hæð á þessum eftirsóttasta stað í Fossvogi þ.m.t. sér geymsla í kj. Íbúðin er mikið endurnýjuð t.d. innrétting í eldhúsi, baðherbergi, gólfefni og innihúðir. Stórar svalir til suðurs. **Verð 23,8 millj.**



### Austurberg-4ra herb.

Vel skipulögð 88,5 fm útsýnisíbúð á 4. hæð auk 5,4 fm sér geymslu í kj. Íbúðin er vel innréttað og náttúrustein og parket á gólfum. Góð þvottaadstaða á baðherb. Suðursvalir, yfirbyggðar að hluta. Sameign til fyrirmyndar. **Verð 20,7 millj.**



### Bergþórugata. 3ja – 4ra herb.

Mikið endurnýjuð 3ja - 4ra herb. 102,9 fm íbúð á 1. hæð að meðt. sér geymslu í kj. Fallegar innréttingar úr birki í eldhúsi, samliggjandi skiptanlegar stofur og rúmgott svefnherbergi. **Eina íbúðin á hæðinni. Verð 25,7 millj.**



### Grettisgata. 3ja herb.

Mikið endurnýjuð 68,5 fm íbúð í miðborginni. Falleg hvítlokkúð innrétting í eldhúsi, björt stofa go 2 svefnherb. Hvítuð eik er á gólfum í allri íbúðinni utan baðherbergis sem er flisalagt. Sér geymsla í kjallara. **Verð 21,9 millj.**



### Burknaveilir – Hafnarf. 3ja herb.

Mjög góð 88,1 fm íbúð á 2. hæð með sérinnng. af svölum í nýlegu fjölbýli að meðt. sér geymslu í kj. Eldhús með kirsuberja innréttingu. Gott skápláss í herbergjum, þvottaadst. í íbúð. Suðursvalir. **Verð 19,5 millj.**



### Óðingsgata. 3ja herb.

Falleg 82,4 fm íbúð á 3. hæð að meðt. geymslu í góðu steinhúsi í miðborginni. Glæsilegt útsýni yfir borgina. **Möguleiki að yfirtaka um 19,5 millj. kr. lán. Verð 23,5 millj.**



### Álagrandi. 3ja herb.

Vel skipulögð 102 fm íbúð á jarðhæð auk sér geymslu. Þvottaherb. innan íbúðar. Hellulögð vernd til suðurs og vesturs. **Íbúð sem vert er að skoða. Verð 29,9 millj.**



### Breiðavík. 3ja – 4ra herb. m bílskúr.

Góð 131 fm íbúð á 3. hæð auk sér geymslu og 19,2 fm bílskúrs. Rúmgott eldhús með útbýgðum gluggum, 2 rúmgóð herbergi, sjónvarpshol og stór stofa. Eikarparket og flisar á gólfum. **Stutt í skóla. Verð 34,5 millj.**



### Kambasel. 3ja herb.

Björt og vel skipulögð 101,4 fm íbúð á jarðhæð, ekkert niðurgráfin og með sér garði á þessum rólega stað. Þvottaherbergi innan íbúðar. **Laus til afh. strax. Verð 24,5 millj.**

**Fasteignasala  
snýst ekki bara  
um fasteignir...  
...heldur líka um fólk**

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Fjöldi eigna á skrá  
Nýbyggingar á nýeign.is  
Atvinnuhúsnæði á Hraunhamar.is  
Eignir til leigu á Hraunhamar.is

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



**Vesturbraut - Einbýli - Hf.**

Sérlega fallegt uppert einbýli í hjarta bæjarins. Eignin er um 140 fm. Kjallari, hæð og ris. fjögur svefnherb. Fallegar innréttingar. Frábær staðsetning. V. 33,9 millj.



**Suðurgata - Hf. Einbýli**

Nýkomið í einkasölu við miðbæinn eitt glæsilegasta steinhús bæjarins. Um er að ræða þrilyft steinhús 212 fm. Húsið hefur verið nánast allt endurnýjuð á sl. árum. Þar með talinn garður. Einstök eign, góð staðsetning. V.68 millj. Uppl. gefur Helgi Jón sölustjóri í síma 893-2233 eða á skrifstofu í síma 520-7500



**Arnarhraun - Hf.- Parhús.**

Eignin er 176,3 fm og er á tveimur hæðum auk kjallara að hluta til Eignin hefur verið talsvert endurnýjuð á liðnum árum. Skipti vel möguleg á minni eign, t.d. góðri 4ra herbergja íbúð í norðurbae. Allar nánari uppls. gefur Hilmar söluumaður Hraunhamars á skrifstofu eða í síma 892-9694.

## Leigumiðlun



**Steinhella - Hf. Atvinnuhúsnæði**

Glæsil. nýtt húsnæði. 110-230 fm bil. Til afhendingar strax. Leiguverð 120 þús. Á mánuði. Langtímaleiga



**Klukkuberg - Hf. Sérhæð.**

Á besta stað í bænum sérl. Falleg 80 fm. 3ja herb. Neðri sérhæð. Allt sér laus strax. 120 þús á mánuði.



**Setbergsland - Hf. einbýli**

Við lækinn og hraunið. Í einkasölu glæsilegt einlyft einbýli m/ innb. bílskúr samtals ca 220 fm. Arkitektateiknað hús. Einstök staðsetning innst í botnlanga við lækinn og hraunið. Myndir á mbl.is. Verðtilboð. Skipti möguleg á minni eign.



**Steinahlíð - Hf. Einbýli**

Nýkomið í einkasölu glæsil. einbýli á einni hæð auk bílskúrs samtals 170 fm. Lýsing eignar: Stofa, borðstofa, sjónvarpskáli, 4 svefnherb. ofl. Vandaðar innréttingar, parket. Góð verönd m/ heitum potti. Hellulagt bílplan. Fullbúin eign í sérlokki. Góð staðsetning. Myndir á mbl.is og hraunhamar.is



**Einiberg - Hf. Einbýli**

Sérlega fallegt einbýli í setbergshverfinu í HF. Húsið er tvilyft skráð 64 fm en mun stærra á grunnfleti. Einnig fylgir eigninni góður geymsluskúr sem ekki er inni í fermetratölu. 2-3 svefnherb, stofa, eldhús, fallegt baðherb, Stór eignarlóð. Möguleiki að byggja við eða byggja nýtt hús. Eign sem vert er að skoða. V. 26,9 millj.



**Drekavelli - Hf.**

Glæsileg 100 fm. Íbúð á 7 hæð. Staði í bilaskýli. Laus strax. Verð 130 þús. Á mánuði. Langtímaleiga.



**Jöfralind - Kópav.- radhús.**

Texti: Glæsil. vel staðsett radhús á þessum vinsæla stað. 3 svefn herb. Góður bílskúr samtals 151 fm. Laust strax. 170 þús. Á mánuði. Langtímaleiga.



**Sléttahraun - Hf.**

Falleg íbúð á þriðju hæð í finu fjölþýli miðsvæðis í Hafnarfirði. Íbúðin er 93,2 fm., 3 svefnherb, björt stofa, nýlega uppert eldhús, v. 19,9 millj. Falleg eign sem vert er að skoða.



**Kríuás 19**

Hraunhamar fasteignasala kynnir mjög fallega 85,5 fm 3ja herb. íbúð með sér inngang á fyrstu hæð í góðu fjölþýli á besta stað í Áslandin. Fallegar innréttingar og gólfefni eru parket og flisar. Góð afgirt verönd. verð 22,3 millj. Skipti möguleg á stærri eign í byggingu. Upplýsingar veittir Þorbjörn Helgi söluumaður gsm 8960058.



**Nönnustígur**

Snyrtilega 56,8 fm 3ja herbergja miðhæð ásamt 21,7 fm sérstæðum bílskúr samtals um 78,5 fm vel staðsett í vesturbæ Hafnarfjarðar. Eldhús með nýlegri innréttingu (kirsuberja). Gólfefni eru að mestu parket og flisar. Góður bílskúr með hita. Hraunlóð. Róleg og góð staðsetning. veðursæld, fallegur stór garður. Ath fermetrar í kjallara líklega ekki í uppgæfnu fm tölu eignarinnar.



**Eskivellir - Hf. 4ra herb.**

Glæsileg fullbúin íbúð á besta stað á völlumum. Sérning. Af svölum. Staði í bilaskýli. 120 þús á mánuði. Langtímaleiga.



**Kirkjuvellir - Hf. 2ja.**

85 fm. Glæsileg íbúð á efstu hæð í vönduðu lyftuhúsi. Laus um áramót. 100 þús. Á mánuði. Langtímaleiga.

**HÖFUM MIKIÐ AF ATVINNUHÚSNÆÐI AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM, TIL SÖLU EÐA LEIGU.**

### BREKKUÁS - HF



Til afhendingar strax.

Glæsilegt 21. íbúða lyftuhús á fjórðu hæðum. Íbúðir með útsýni í nálægð við ósnortna náttúru.

- Staerð íbúða frá 82 fm - 124 fm
- Sérlega bjartar og rúmgóðar 2ja, 3ja & 4ja herbergja íbúðir
- 21 íbúð og 15 bílastæði í bilakjallara
- Glæsilegt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið Gott aðgengi. Hagstæð greiðslukjör Verð frá 22,1 millj.

### NORÐURBAKKI



- Glæsilegar íbúðir í hjarta Hafnarfjarðar.
- Álutanhúsklæðning
- Ál trégluggar og hurðir
- Rennihurðir út á svalir
- Gólfhiti
- Innfelld lýsing
- Sjónvarpsdyrasími
- Bjartar íbúðir
- Aukin hljóðeinangrun
- Innangengt úr bilageymslu í lyftur
- Sundlaug í göngufæri
- Stutt í þjónustu í miðbænum
- Sameiginlegar þaksvallar
- Verð frá 29 millj

### Reykjavíkurvegur 52A og B-HF.



Íbúðir fyrir 50 ára og eldri.

- Íbúðir eru til afhendingar strax
- Viðhaldslítið hús
- Rúmgóðar íbúðir
- Tvennar svalir með völdum íbúðum
- Mynddyrasími
- Snjóbræðslukerfi í göngustíg og aðkomu að bílskyli • Allar íbúðir með sérinngangi á svölum • Nútímalegar innréttingar frá Fagus með granitborðplötum • Íbúðir eru afhendar fullbúnar með vönduðu 2ja stafa Kährs parketi • 28 stæði í bilgeymslu • Verð frá 27,9 millj.

### GULAPING - HF.



ALLT AÐ 85% LÁN-LÍTIL ÚTBORGUN.

Íbúðirnar eru 118,6 fm með sérinngangi og afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum. Innréttingar eru innlendrar frá Axis. Hreinlætistöki frá Byko og heimilistæki frá AEG. Frábært útsýni til vesturs yfir Elliðaavatn og norður að Esju. Vandaður frágangur. Traustir verktakar. Byggingarfélagið Bogi ehf. Afhending 3. mánuðir eftir kaupsamning. Lán til allt að 15.ára 3% vöxtum.

### KLUKKUELLIR -HF



AÐEINS 2 ÍBÚÐIR EFTIR - 100% LÁN.

Frábært fyrstu kaup Gott aðgengi með lyftu Glæsilegar innréttingar frá HTH Eldhústæki frá AEG að vandaðri gerð Öll gólfefni fylgja vandað parket og flisar frá Parka Fullkomið gólfhitakerfi Halegonlýsing Húsið klætt að utan með álklæðningu Hagstætt verð - Hagstæð greiðslukjör 3ja herb. 95 Verð frá 22,9 millj. Til afhendingar strax.

### Skipalón-HF



Innréttingar í hæðsta gæðaflokki frá Agli Árnasyni. Heimilistæki frá ronning, uppþvottavél, ísskápur fylgja. Hreinlætistöki frá Tengi. Flisar Álfaborg. Granít á borðum og sólbekkjum. Stórar stofur. Innangengt úr bilageymslu í 3 lyftur.

- Arinstæði og 2 stæði í bilgeymslu með stærstu íbúðunum.
- Tvennar svalir á stærri íbúðum bæði út úr eldhúsi og stofu. Frábært útsýni.
- Tvö baðherbergi í stærri íbúðum annað inn af hjónaherbergi.
- Innréttingar í hæsta gæðaflokki frá Agli Árnasyni.
- Heimilistæki frá Ronngi Uppþvottavél, ísskápur fylgja.
- Hreinlætistöki frá Tengi.
- Flisar frá Álfaborg.
- Granít á borðum og sólbekkjum.
- Stórar stofur.
- Innangengt úr bilgeymslu í 3 lyftur.
- Afhending er áætluð í Maí 2008.

Verð: • 2ja herb. 70 - 75 fm 19 - 22,5 millj.  
• 3ja herb. 95 - 122 fm 23,8 - 34,5 millj.  
• 4ra herb. 128 - 167 fm 30 - 53 millj.





# Krefjumst KOSNINGA Mætum í dag

**LÝÐRÆÐISHREYFINGIN**



**Beint Lyðræði til Friðar**

Lyðræðishreyfingin er þverpólitískt kosningabandalag sem mun styðja 126 einstaklinga til framboðs við næstu alþingiskosningar.

## Fullveldiskaffi

### Kl. 16 - Hressó Austurstræti

Mætum öll á þjóðfundinn kl. 15 á Arnarhóli og strax þaðan í Fullveldiskaffi kl. 16:00 í Hressingarskálann. Leggjum niður vinnu í dag og krefjumst virks lýðræðis!

Eiríkur Stefánsson verkalyðsforingi opnar umræðurnar. Byggjum upp nýtt þverpólitískt kosningabandalag.

Opinn ræðupallur, orðið gefið frjálst, taktu til máls!

# www.lydveldi.is

**Klippa hér — Söfnum undirskriftum heima og á vinnustöðum — Klippa hér**

## Við krefjumst kosninga

Undirritaðir krefjast þess að alþingi verði sliðið og forseti Íslands skipi utanþingssjórn sérfræðinga til starfa þar til kosningar hafa farið fram og skipuð ný starfhef ríkissjórn.

Fullt Nafn:

Kennitala:

Heimili:

Netfang/Póstlisti:

Ruled area for signatures and stamps.

Sendið listann til: Kosningar2009 – Pósthólf 190 – 121 Reykjavík  
Prenta út fleiri lista: [www.kosningar2009.org](http://www.kosningar2009.org)

## Þjónusta

*Hefur þú prófað:*

*Ayurveda nudd*

*Vísindi lífsins*

**DONG FANG SALON**  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

NUDDSTOFAN  
DONG FANG SALON  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:  
Virka daga 11.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
massage@dongfang.is  
www.dongfang.is

ICELANDARHÓTEL  
LOFTLEIÐIR

*Dolphin*

*neglur*

*Það nýjasta í*  
*naglaásetningu!*

**DONG FANG SALON**  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN  
DONG FANG SALON  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:  
Mán/miðfös. 9.00-18.00  
Þri/fim 9.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
massage@dongfang.is  
www.dongfang.is

ICELANDARHÓTEL  
LOFTLEIÐIR

## Fundir / Mannfagnaður

**FÉLAG ÍSLENSKRA**  
HJÚKRUNARFRÆÐINGA

þegar mest á reynir

**Hjúkrunarfræðingar**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga boðar til opins fundar fimmtudaginn 4. desember kl. 20:00 að Suðurlandsbraut 22. Efnisfundarinn er flutningur heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

**Frummælendur eru:**  
Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra  
Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarráðs  
Reykjavíkurborgar  
Stella K. Víðisdóttir, sviðstjóri velferðarráðs  
Reykjavíkurborgar

Umræður og fyrirspurnum svarað.

Hjúkrunarfræðingar sem starfa í heimahjúkrun eru sérstaklega hvattir til að mæta.

**Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

**Fasteignablaðið**  
Sími:

**512**  
**5469**

**694**  
**4103**

**Ruth Bergs**  
ruth@365.is



## Þjónusta

**Dong Fang Salon**  
er 1 árs!

Við fögnum afmælinu með  
frábærum tilboðum vikuna  
1.-8. desember:

**Handsnyrting verð: 4.000.-**

**Litun og plökkun verð: 2.500.-**

**Andlitsnudd og maski verð: 4.000.-**

SNYRTISTOFAN  
DONG FANG SALON  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:  
Mán/miðfös. 9.00-18.00  
Þri/fim 9.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
massage@dongfang.is  
www.dongfang.is

**DONG FANG SALON**  
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími:  
Mán/miðfös. 9.00-18.00  
Þri/fim 9.00-21.00  
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485  
massage@dongfang.is  
www.dongfang.is

ICELANDARHÓTEL  
LOFTLEIÐIR

## Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | Garðabæ | posthusid.is



Auglýsingasími

**512 50 50**

— Mest lesið



# ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

“Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat.

Ég hreyfi mig reglulega og nota Slendertone til að fá stinnari líkama.

Ég nota beltið á morgnana á meðan ég tek mig til fyrir daginn, þegar ég fer út að ganga, þegar ég er að elda matinn, vinn við tölvuna eða bara þegar mér hentar.

Frábært að geta nýtt tímann svona vel.

Tækið er ótrúlega einfalt, þægilegt í notkun og akkurat engin fyrirhöfn.

Gaman að sjá glæsilegan árangur eftir aðeins nokkrar vikur”.

*Sigríður Arnardóttir, Sirrý fjölmiðlakona og ráðgjafi í almannatengslum*



Kíktu á heimasíðuna [www.sirry.is](http://www.sirry.is) og fáðu upplýsingar um námskeið og fl.

**SLENDERTONE™**

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra  
kr. 29.900,-



Eitt stjórnæki með heðslurafhliðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

#### DÖMUPAKKI 1

Belti + armar  
þjálfar kviðvöðva og  
upphandleggsvöðva  
kr. 36.900.-

#### DÖMUPAKKI 2

Belti + buxur  
þjálfar rass og læri og  
kviðvöðva  
kr. 39.900.-

#### DÖMUPAKKI 3

Belti + buxur + armar  
þjálfar kviðvöðva, rass og  
læri og upphandleggsvöðva  
kr. 46.900.-

#### HERRAPAKKI 1

Belti + armar  
þjálfar kviðvöðva og  
upphandleggsvöðva  
kr. 36.900.-

**SLENDERTONE™**  
System

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

Skeifunni 19 - S. 568 1717

[www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

WOODY ALLEN FÆDDIST PENNAN  
DAG ÁRIÐ 1935.

„Ég er gagnkynhneigður... en óneitanlega tvöfaldar tvíkynhneigð möguleikana á stefnumóti.“

Woody Allen, leikstjóri og leikari, leitar innblásturs í bókmenntum, heimspeki, sálfræði, gyðingdómi og New York-borg þar sem hann býr.



## tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 1. DESEMBER 1135

## Hinrik I deyr og Matilda tekur við

Hinrik I, konungur Englands, lést pennan dag árið 1835 og samkvæmt samkomulagi við aðalsmenn átti dóttir hans Matilda eða Matthildur að taka við af honum ef hann eignaðist ekki lögborinn son. Hinrik á reyndar metið í óskilgetnum afkvæmum meðal Englands-konunga, rúmlega 20 börn, en það er önnur saga.

Þegar til kom að Matthildur tæki við sætti Stefán, systursonur Hinriks, sig ekki við það og hrífsaði völdin. Matthildur sem bjó í Normandi og var gift frönskum aðalsmanni tók því ekki þegjandi og hljóðalaust og upphófst grimmi-leg borgarastyrjöld. Matthildur vann orrustuna við Lincoln árið 1141 og tókst að handsama Stef-



án. Sá sigur var þó skammvinnur. Þegar hún hélt til krýningar í Lundúnum nokkrum mánuðum síðar kom hún að lokuðum borgarhlíðum því hún hafði neitað að lækka skatta um helming. Stefán var látinn laus og Matthildur flúði land.

Matthildur varð því aldrei leiðtogi Englands í reynd þótt hún væri það samkvæmt lögum. Hennar er því oft ekki getið í annálum um leiðtoga Englands. Sagan endaði þó vel fyrir hana því þegar sonur Stefáns lést var ákveðið að sonur Matthildar, Hinrik II., tæki við af Stefáni. Hinrik II. tók svo við árið 1154 og Matthildur lifði til að sjá það. Hún bjó þó alla tíð í Normandí og lést 1167.

### MERKISATBURÐIR

- 1878 Fyrsti viti á Íslandi tekinn í notkun, Reykjanesviti á Valahnúk.
- 1918 Ísland verður frjálst og fullvalda ríki.
- 1932 Sjálfvirkar símtöðvar eru teknar í notkun í Reykjavík og Hafnarfirði og missa þá margir tugir símastúlknna vinnu sína.
- 1974 Hús Jóns Sigurðssonar er formlega vígt í Kaupmannahöfn.
- 1975 Silfurbergsnáman hjá Helgustöðum í Reyðarfirði er fríðlýst sem náttúruvætti.
- 1983 Ríkisútvarpið hefur útsendingar á FM-bylgju sem Rás 2.
- 2004 Þórolfur Árnason segir af sér embætti borgarstjóra í Reykjavík.



Guðlaugur G. Sverrisson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, Guðrún Guðrúnardóttir eigandi Gips-Plug, María Ragnarsdóttir, eigandi REMO, og Elinóra Inga Sigurðardóttir, formaður KVENN.

## Hugvitskonur heiðraðar

Hugvitskonurnar Guðrún Guðrúnardóttir og María Ragnarsdóttir hlutu nýlega viðurkenningu Orkuveitu Reykjavíkur og KVENN, félags kvenna í nýsköpun, fyrir framlag sitt til nýsköpunar. Guðrún fann upp gifstappa, nýja lausn til viðgerða á veggjum úr gífsi, steini eða spón og María sem er doktór í sjúkráþjálfun vann að

þróun og sölu á mælitækjum í tengslum við sitt fag.

Við þetta sama tækifæri skrifuðu fulltrúar Orkuveitu Reykjavíkur og KVENN undir samstarfssamning um að veita árlega slíkar viðurkenningar og halda sýningar á íslenskum uppfinningum. Það er gert til eflingar og nýsköpunar í íslensku atvinnulífi.



Menntaviti verður reistur á Austurvelli í dag til að vekja athygli á mikilvægi menntunar og högum námsmanna.

## Hagsmunamál stúdenta í öndvegi

Menntaviti í formi 60 kílóa skúlptúrs verður reistur á hátíðisdegi stúdenta á Austurvelli í dag klukkan 11.00. Samhliða því verður opið bréf lesið til ráðamanna og átta óskir námsmanna til ríkisstjórnar ritaðar á menntavitann. Markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi menntunar og högum stúdenta í ljósi núverandi efnahagsþrenginga.

Námsmenn fara meðal annars fram á að LÍN taki upp mánaðarlegar greiðslur. Einnig að háskólar taki upp námskeið og kennslu yfir sumartímann fyrir þá stúdenta sem fá ekki vinnu og vilja bæta við sig í námi. Eins að borgin eflí samninga varðandi uppbyggingu stúdentagarða og að


Nýsköpunarsjóður námsmanna verði styrktur.

Menntavitinn verður fyrst um sinn hafður á Austurvelli. Svo verður farið með hann milli menntastofnana landsins til að sem flestir geti kynnt sér hann.

Eftir athöfnina á Austurvelli er öllum boðið til hádegisverðar á Háskólatorgi þar sem forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, verður á meðal gesta.

Um er að ræða samstarfsverkefni námsmanna Íslands og Félagsstofnunar stúdenta, Bandalags háskólamanna og Happraættis HÍ.

Nánari upplýsingar á [www.student.is/menntavitinn](http://www.student.is/menntavitinn).



MEÐ Í LEIKINN ÞRAMMAÐ Unnur Stefánsdóttir með lífsglöðum leikskólabornum á leikvelli Kórs, sem í dag verður formlega vígður sem heilsuleikskóli, að viðstöddum Guðlaugi Þóri Þórðarsyni heilbrigðisráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

LEIKSKÓLINN KÓR Í KÓPAVOGI: HLÝTUR VÍGSLU SEM HEILSULEIKSKÓLI Í DAG

## Heilbrigðir lífshættir framtíðar

Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi verður formlega vígður í dag, en þar með verður hann sá tíundi í röð heilsuleikskóla á landinu. Stofnandi og hugmyndasmiður Heilsustefnunnar á Íslandi er Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla ehf., sem tekur að sér rekstur leikskóla samkvæmt heilsustefnunni.

„Heilsustefnan varð til fyrir tólf árum þegar ég tók við skólustjórastöðu í leikskólanum Skólalátt í Kópavogi árið 1995. Þá hafði ég lengi kennt hagnýta uppeldisfræði í Fóstruskólanum og furðað mig á því að flestar stefnur og kenningar sem þar voru kenndar komu erlendis frá og allar frá karlmönnum. Því sá ég gullíð tækifæri til að þróa íslenska stefnu frá grunni þegar ég tók við stjórnarlausum í Skólalátt“, segir Unnur, sem hefur haft yndi af íþróttum frá unga aldri og vildi setja hreyfingu og heilbrigða lífshætti í forgang nýrrar leikskólustefnu.

„Í Skólalátt fékk ég til liðs við mig þrjá leikskólakennara og saman bjuggum við til markmið sem enn eru í fullu gildi, en þau eru að stuðla að heilsuefningu leikskólasamfélagsins og auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hugsunin að baki var

sú að fá einstaklingur hollan mat og mikla hreyfingu vakni með honum þörf til að skapa og saman orsaki það almenna vellíðan“, segir Unnur sem ásamt samstarfsfólki mótaði heilsustefnuna í Skólalátt, þar sem nemendafjöldi fór fljótlega úr þrjátíu upp í 150 börn í þremur húsum, sem síðar hlaut nafnið Urðarhóll.

„Á fyrstu árunum sömdum við Heilsubók barnsins, sem er tæki til að mæla hvernig börnum gengur að ná markmiðum skólans og notað er í öllum leikskólum sem aðhyllast heilsustefnuna. Í tímans rás höfum við einnig þróað starf fagstjóra á hverju sviði fyrir sig, en því gegna einstaklingar sem hafa sérmenntun og viltæka þekkingu á sínu sviði, en það gerir starf leikskólanna enn markvissara“, segir Unnur sem síðan á Urðarhóli hefur séð heilsustefnu sína breiðast hratt út í íslensku leikskólasamfélagi.

„Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík varð fyrstur á eftir Urðarhóli að taka upp heilsustefnuna og síðan hafa einn til tveir leikskólar á ári tekið upp þessa stefnu; þar af þrír á þessu ári og alls eru sex leikskólar að undirbúa sig undir að verða heilsuleikskólar á næstunni“, segir Unnur, en til þess að svo megi verða þurfa leikskólarnir að

uppfylla ákveðin skilyrði og viðmið heilsustefnunnar.

„Í rannsóknnum á líðan og útkomu barna sem alíst hafa upp samkvæmt heilsustefnunni hefur komið í ljós að börnunum virðist líða mjög vel, og séu þau borin saman við jafnaldra sína úr öðrum leikskólum á grunnskólaaldri, hefur komið í ljós að 93 prósent þeirra stunda íþróttir í samanburði við 50 prósent úr öðrum leikskólum. Börnum líður því almennt vel að fá að hreyfa sig og hér heyrum við á foreldrum að börnin vilji ekki sjá sælgæti heldur kjósi ávæxti, grænmeti og hollan kost fram yfir annan mat“, segir Unnur og bætir við að öll börn ættu að alast upp við að læra að virða heilsu sína og annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir fullnægjandi lífi.

„Í heilsuleikskóla er heilsuefning höfð að leiðarljósi í einu og öllu. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áhersluþættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra.

Kjörorð okkar er „Heilbrigð sál í hraustum líkama.““

thordis@frettabladid.is

### AFMÆLI



VAIRA VIKE-FREIBERGA, fyrrverandi forseti Lettlands, er 71 ára.



EMILY MORTIMER leikkona er 37 ára.



SIGURDUR RAGNAR EYJÓLFSSON, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, er 35 ára.



MARÍA BJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR, landsliðsmarkvörður í fótbolta, er 26 ára.



*Veljum íslenskt  
– okkar hagur!*

Jóladagatal Norræna hússins  
alla dagaklukkan 12:34  
Hver verður í dag?

**FULL BÚÐ  
AF VÖRUM**

**RUMPU  
TUSKI**

Laugavegi 27 (Kaklóna) | 512 1712  
netveritak. www.rumputuski.is

**Til leigu**  
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja  
Gunnarsson

## Kaffi og sígó

Fyrirsagnir síðustu daga hafa ekki beint freynst prozak-skammturinn handa þunglyndri þjóð. Orðin „hópuppsagnir“, „greiðslustöðvun“ og „gjaldprot“ falla ekki beint undir skilgreininguna „gleðigjafir“.

Stutt er til jóla og manni er það hreinlega til efs að einhver geti tekið undir með jólalögnum. Fyrir ári lýstu SP því yfir að Íslendingar væru hamingjusamasta þjóð í heimi. Við ættum gomu af cashi, glæsikerrum og Gucci-skóm. SP komust að þeirri niðurstöðu að þjóðin réði sér varla fyrir kæti út af öllum þessum hlutum. Gleðin hvarf eins og dögg fyrir sólu þegar bankarnir hurfu. Íslendingar breyttust á einni nóttu úr hamingjusömu hórunni sem glöð fækkaði fótum fyrir yfirdráttarlán í syrgjandi ekkju kapítalismans.



En kannski ætti ekkert að vera að gráta karlinn. Enda var hann eigingjarn fauti sem skildi ekkert eftir sig nema skuldir. Kannski ættum við að vera rosalega glöð. Kerfið sem hvatti til skilyrðislausrar hlýðni og ástar á guðinum Mammon er hrúnið. Þjóðinni hefur verið rétt tækifæri til að byggja upp nýtt samfélag sem grundvallast á einhverju öðru en afbrýðisemi út í fótanuddtæki náungans. Við gætum þess vegna orðið fyrsta gjaldþrota þjóðin sem toppar tilgangslausan hamingju-lista SP ef menn vilja.

Góðærið gerði okkur heimsk. Íslenska þjóðin er loksins að ranka við sér eftir að hafa verið mótuð á kræklingi og humri af matseðli heimsendingarþjónustu greiningardeildanna. Eðlilega er hún nokkuð úrill enda var svefninn góður. Til að vakna almennilega þarf hún róttækar breytingar í morgunmat. Ekki bara kaffi og sígó.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA NÝJU SENDIBÍLASTÖÐVARINNA

sími  
**568 5000**

**Lækkaðu rekstrarkostnaðinn...**  
með fyrirtækjaþjónustu Nýju Sendibílastöðvarinnar

Bilstjórnir okkar sinna ýmskonar útréttingum varðandi úrkeyrslu og vörudreifingu, samskipti við tollayfirvöld, Vöruhötel og aðra flutningstengda aðila. Þú sparar rekstrarkostnað og mannskap.

- á þínum vegum **Hafðu samband - gerum föst verðtilboð**

Nýja Sendibílastöðin - Knarrarvogi 2 - 104 Reykjavík - www.sendibilar.is

ISLANDSSETRÍÐ Í DANMÖRKU

**TIL HAMINGJU MED DAGINN  
ÍSLENDINGAR**

Í dag drögum við fánann að húni við Íslandssetrið í Danmörku, borðum pönnukökur með þeyttum rjóma og hrópum þrefalt húrra fyrir fullveldi landsins.

Við hlökkum til að taka á móti þeim mörgu gestum sem þegar hafa bókað dvöl á Íslandssetrinu frá og með nýju ári

Fyrir þá sem vilja meta sig í dönskunni: Við glæðum ok til at tage imed de mange gæster som allerede harbooketophen på Íslandssetret starten af neste år.

Með kerri kveðju,  
Rekstraraðilar Íslandssetursins

**IZLAND**

VESTRE LANDEVEJ 110 · 4951 NØRREBALLE · DANMARK  
Tel: +45 5537 7212 · mail@izland.dk · www.izland.dk

Íslensk  
hönnun

# Gefðu góða gjöf gefðu íslenskt



BOLUR  
1.299.-

BOLUR  
2 Í PAKKA  
1.499.-

BOLUR  
2 Í PAKKA  
1.299.-

BOLUR  
2 Í PAKKA  
1.999.-

FLÓNEL  
NÁTTBUXUR  
2.999.-

BARNA  
NÁTTBUXUR  
VERD FRÁ  
1.999.-

NÁTTBUXUR  
3.999.-

NÁTTBUXUR  
OG INNISKÓR  
3.999.-

NÁTTBUXUR  
OG INNISKÓR  
3.999.-

FLÓNEL  
NÁTTBUXUR  
2.999.-

## Tilvalið í jólapakkann..




Náttkjöll og nærfatasett  
í gjafakassa



Sokkar 7 stk.  
í gjafakassa



Náttföt og boxer  
í gjafakassa





Náttslöppur og inniskór

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð

# SAMBIÓNIN

ÁLFABAKKA				SELFOSS			
MADAGASCAR 2	my/isl. tali	kl. 6	L	MADAGASCAR 2	my/isl. tali	kl. 8	L
MADAGASCAR 2	my/ensku tali	kl. 7 - 8D - 9 - 10:10D	L	QUARANTINE		kl. 10:10	16
BODY OF LIES		kl. 8 - 10:30	16	HOW TO LOSE FRIENDS...		kl. 8	12
BODY OF LIES		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VP	RESCUE DAWN		kl. 10:10	16
PASSENGERS		kl. 8 - 10:10	12	<b>AKUREYRI</b>			
FERDIN TIL TUNGLSINS 3D		kl. 12 (3D)	L	MADAGASCAR 2	my/isl. tali	kl. 6	L
HOW TO LOSE FRIENDS...		kl. 8:20	12	MADAGASCAR 2	my/ensku tali	kl. 6 - 8	L
RESCUE DAWN		kl. 10:30	16	BODY OF LIES		kl. 8	16
HIGH SCHOOL MUSICAL 3		kl. 5:50	L	<b>KEFLAVÍK</b>			
<b>KRINGLUNNI</b>				MADAGASCAR 2	my/isl. tali	kl. 8	L
MADAGASCAR 2	my/isl. tali	kl. 6D	L	PASSENGERS		kl. 10	12
MADAGASCAR 2	my/ensku tali	kl. 6D - 8D - 10:10D	L	TRAITOR		kl. 10	12
BODY OF LIES		kl. 8 - 10:40	16	THE WOMEN		kl. 8	L
W		kl. 8 - 10:40	12				
SEX DRIVE		kl. 6 síð syn	12				

MYNDIN SEM GERÐI ALLT **BRJÁLAD** Í USA

FRUMSÝND á föstudaginn

twilight

byggðu þér miða í tíma

## Önnur þáttaröð vestanhafs

Önnur þáttaröð af Little Britain USA verður gerð fyrir Bandaríkjamarkað þrátt fyrir orðróm um að áhorfendur þar í landi hafi átt erfitt með að átta sig á húmornum og hafi fundist hann of dónalegur.

Matt Lucas, annar af höfundum Little Britain, vill ekki meina að þættirnir hafi verið umdeildir. Segir hann bandarísku sjónvarpsstöðina HBO, sem framleiddi þá, hafa verið mjög ánægðar með útkomuna. Félagi hans David Walliams bætti við: „Þáttaröðin gekk mjög vel á HBO. Hún fékk mikið áhorf, góða dóma og allir voru virkilega ánægðir. Við erum virkilega glaðir og stoltir.“

Walliams játar að þættirnir



LITTLE BRITAIN Þættirnir Little Britain hafa slegið rækilega í gegn á undanförunum árum.

reyni á þolrif áhorfenda en það sé þó ekki ætlunin. „Við reynum bara að skemmta fólki, ekki að misbjóða því. Mér finnst að ef fólk er ekki hrifið af þáttunum

eigi það ekki að horfa á þá.“

Hann segir þá félagið ekkert hafa dregið undan í þáttunum þrátt fyrir að Bandaríkjamenn séu margir hverjir viðkvæmir. „Við höfðum allt þetta ógeðslega með. Það voru nokkur ruddaleg atriði en þannig er Little Britain bara.“

Matt Lucas er um þessar mundir að leika í myndinni Lísu í Undralandi í Hollywood ásamt Johnny Depp og Tim Burton. „Það er mjög gaman að heim-sækja Los Angeles. Sólin skín og maður hittir stjörnurnar og getur fengið sér hamborgara í morgun-, hádegis- og kvöldmat. Og já, ég hitti líka Tom Cruise, Johnny Depp og Will Ferrell.“

## Góð stemning í Kassanum

Það var margt um manninn á tiskusýningu sem Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona stóð fyrir í Kassanum á fimmtudagskvöldi. Sýndir voru bolir sem hún hannaði ásamt Elínu Þórhallsdóttur í tengslum við sýninguna Utan gátta, en þær stóllur hanna undir merkinu Lollell.

Sýningarmódelin voru ekki af verri endanum eins og sjá má á meðfylgjandi myndum, en eftir sýninguna voru bolirnir til sölu og rennur hluti ágóðans til mæðra- styrksnefndar.

BROSTI SÍNU BREIÐASTA Davíð Þór Jónsson píanóleikari brosti sínu breiðasta þegar hann kom fram á tiskusýningunni.



INNLIFUÐ Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona tók sig vel út í fjólubláum bol og stillti sér skemmtilega upp.



FÁGÚÐ Í FRAMKOMU Kristbjörg Kjeld leikkona tók sig vel út á sviðinu þar sem hún klæddist bleikum síðerma bol.



ÓFEMINN Friðrik Friðriksson leikari vakti mikla lukku meðal sýningargesta þegar hann batt einn bolinn um hálsinn á sér.



FLOTT Jónína Ben tók sig vel út að vanda.

### NÝTT Í BIÓ!

55.000 MANNS

QUANTUM OF SOLACE

★★★★★

D.O.J. KVI.MYNDIR.COM

FRÁ ÆR MYNDI HIKLAUST FYNDNASTA MYNDÁRSINS!

ZACK AND MIRI MAKE A PORNO

★★★★★

„SLER BURTU ALLAR AÐRAR GRIMMYNDIR SEM ÉG HEF SED Á ARIÐI“ DREPP VINDIN MYNDI“ TOMMI - KVI.MYNDIR.COM

VESTRI AF BESTU GERÐ

APPALOOSA

★★★★★

V.J.V., TOPPSÍS.FBL

RELIGULOUS

LARRY CHARLES, LEIKSTJÓRI BORAT OG GRINISTINN BILL MAHER SYNA ÞAD MED ÞESSARI BEADYNDI MYNDAD TILDA FRA LUXUS. HELGAVETT

★★★★★

„SOKKERANDI FYNDI“ NEW YORK DAILY NEWS

NICK & NORAH'S

SOLARHRINGUR Í NEW YORK OG ALLT GETUR GERST... TÝNDAR GUGGUR OG TOPPÓNLISTI!

★★★★★

„Hæðisþingur Lúð...“

PRIDE AND GLORY

ÞAD SÍÐASTA SEM ÞU VILT KOMAST AÐ, ER SANNLEIKURINN.

★★★★★

S.V. MBL

IGOR

500 kr.

HEIRINN

500 kr.

REYKJAVÍK-ROTTERDAM

5

QUARANTINE

12

TRAITOR

12

SMÁRRÁ BIÓ Sími 564 0000				REGNBÖGINN Sími 551 9000			
ZACK & MIRI MAKE A PORNO	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16		PRIDE AND GLORY	kl. 8 - 10.30	16	
NICK AND NORAH'S ...	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L		NICK AND NORAH'S ...	kl. 6 - 8 - 10	L	
IGOR	500 kr.	L		IGOR	500 kr.	L	
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12		TRAITOR	kl. 8 - 10.20	12	
QUANTUM OF SOLACE LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	12		QUANTUM OF SOLACE	kl. 5.30 - 8 - 10.20	12	
QUARANTINE	kl. 10.20	16	5%	MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5.45	14	
MY BEST FRIENDS GIRL	kl. 5.40 - 8	14					
SKJALDBAKAN & HEIRINN	kl. 3.45	500 kr.	L				

**HÁSHÓLA BIÓ** Sími 530 1919

APPALOOSA kl. 5.30 - 8 - 10.30 16

RELIGULOUS kl. 5.50 - 8 - 10.10 12

QUANTUM OF SOLACE kl. 5.30 - 8 - 10.30 12

REYKJAVÍK-ROTTERDAM kl. 5.40 - 8 - 10.10 14

**BORGAR BIÓ** Sími 462 3500

ZACK & MIRI MAKE A PORNO kl. 8 - 10.10 16

QUANTUM OF SOLACE kl. 8 - 10.10 12

NICK AND NORAH'S ... kl. 6 12

IGOR 500 kr. kl. 6 12

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞU KAUPIR BIÓMIÐAN Á [midi.is](http://midi.is) FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BIÓMIÐAN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

# DAUÐASÝNDIRNAR



**ALLRA SÍÐASTA SÝNING**

Vegna fjölda áskorana bætum við annarri XXL sýningu við á Stóra sviðinu 10. des. kl 20.00. Miðasala hafin.

„... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla...“ SA, TMM

„Sýningin er bráðfyndin og skemmtileg...“ Ib, Morgunblaðið

„Ekki missa af Dauðasýndunum.“ PBB, Fréttabl.

Miðasala í síma 568 8000 eða á borgarleikhus.is

 Borgarleikhusið

### NÝTT Í BIÓ!

ZACK AND MIRI MAKE A PORNO

MADAGASCAR

LAUGARAS BIÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PRIDE AND GLORY


IGOR

ATH! 500 kr.

QUANTUM OF SOLACE

SÝNINGARTÍMAR			
MADAGASCAR 2	kl. 6 - ISL. TAL	L	
ZACK AND MIRI MAKE A PORNO	kl. 5.45, 8 og 10	16	
PRIDE AND GLORY	kl. 7.45 og 10.15	16	
IGOR - 500 kr.	kl. 6 - ISL. TAL	L	
QUANTUM OF SOLACE	kl. 7.45 og 10.15	12	

# EVRRUR TIL BAKA!

Powered by  ambi light



**NÚ FÆRÐU ALLT  
AÐ 500 EVRUR TIL  
BAKA VIÐ KAUP Á  
PHILIPS AMBILIGHT  
SJÓNVARPI**

[www.cash-back.nu](http://www.cash-back.nu)

#### SVONA VIRKAR PHILIPS AMBILIGHT TILBOÐIÐ

Þú kaupir PHILIPS sjónvarp með Ambilight baklýsingu hjá Heimilistækjum eða söluaðilum um land allt og passar upp á kvittunina. Ferð inn á [www.cash-back.nu](http://www.cash-back.nu) og prentar út beiðnina. Fyllir út beiðnina og sendir til PHILIPS ásamt kvittun og raðnúmeri, sem mun svo láta millifæra peninginn á þinn reikning.

<b>32" PHILIPS</b>	<b>100 evrur</b>
<b>37" PHILIPS</b>	<b>100 evrur</b>
<b>42" PHILIPS</b>	<b>200 evrur</b>
<b>47" PHILIPS</b>	<b>300 evrur</b>
<b>52" PHILIPS</b>	<b>400 evrur</b>
<b>PHILIPS Aurea</b>	<b>500 evrur</b>

**TILBOÐIÐ GILDIR TIL 6. DESEMBER**  
HJÁ HEIMILISTÆKJUM OG SÖLUAÐILUM UM LAND ALLT

**PHILIPS**

sense and simplicity

REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFÖSS  
SUÐURLANDSBRAUT 26 GLERÁRGÖTU 36 GARDARSBRAUT 18A EYRARVEGI 21  
SÍMI 569 1500 460 3380 464 1600 480 3700



**Heimilistæki**

[ht.is](http://ht.is)

> Bjarni Ólafur ekki til Álasunds

Valsarinn og landsliðsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson er ekki á forðum til norska félagsins Álasunds en það kom fram á fótbolti.net í gær. Bakvörðurinn fór til félagsins til reynslu á dögnum en mun ekki fá samningstilboð líkt og ansi margir aðrir íslenskir knattspyrnumenn sem hafa farið til reynslu í Noregi síðustu vikur. Bjarni Ólafur lék með danska liðinu Silkeborg áður en hann kom aftur til Vals þar sem hann er uppalinn.



**sport**  
sport@frettabladid.is

**UNGSTIRNIÐ ARON PÁLMARSSON: SPILAÐI VEL GEGN ÞJÓÐVERJUM OG HUNDELTUR AF ÞÝSKUM FÉLAGSLIÐUM**

**Geng væntanlega frá mínum málum í desember**

Efnilegasti handboltamaður Íslands sýndi og sannaði í leikjunum tveimur gegn Þjóðverjum um helgina að hann er ekki bara efnilegur lengur heldur stórgóður. Hann spilaði mikið á laugardag og átti frábæran leik. Hann spilaði svo nánast allan leikinn í sókninni í gær og stóð sig aftur mjög vel. Skoraði mörk og lagði upp önnur. Hann var að vonum kátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum skömmu eftir sigurinn góða í gær.



„Þetta var algjör snilld. Það eru ekki öll lið sem vinna Þjóðverja á heimavelli. Ég tala nú ekki um þar sem það vantar fjöldan allan af góðum leikmönnum hjá okkur. Það sýnir að það er nóg til af mannskap á Íslandi,“ sagði Aron sem var sáttur við sína frammistöðu en leikirnir um helgina voru hans fyrstu „alvöru“ A-landsleikir.

„Mér fannst ég komast bara nokkuð vel frá þessu. Stýrði leiknum ágætlega að mínu mati og alveg frábært að fá þetta traust frá þjálfaranum. Það er bara unaður,“ sagði Aron sem varð rétt að skokka af velli í smá tíma eftir að hafa fengið vænt kjaftshögg frá harðjaxlinum Oliver Roggisch sem var þess utan brjáláður yfir að það hefði verið dæmt á sig. „Hann horfði bara á mig eins og ég væri að væla. Ég hefði nú samt ekkert farið af velli nema af því dómarnir skipuðu mér að fara út þar sem ég var með blóðnasir eftir höggið frá honum.“

Aron segir það hafa verið frábæra upplifun að taka þátt í þessu verkefni. „Þetta var alveg geðveikt og gerist ekkert mikið stærra. Við vorum að spila við heimsmeistarana.“ Aron kemur ekki strax heim til Íslands heldur fer hann ásamt föður sínum, Pálmari Sigurðssyni, til fundar við Alfreð Gíslason í dag en Alfreð vill klófesta Aron.

„Það verður gaman að hitta Alfreð. Það er mikið að gera hjá þabba en hann hiti framkvæmdastjóra Lemgo hérna og þeir vilja bjóða mér út í desember í frekari samningaviðræður. Svo er að sjá hvað gerist hjá Alfreð. Ég mun svo fara yfir þetta í rólegheitum og væntanlega skrifa undir við eitt-hvert félag í desember. Það eru mjög skemmtilegir tímar fram undan og verður líka gaman að koma heim til FH en við erum að fara að rétta skútuna við þar.“

**ÚRSLIT**

**Vínáttulandsleikur:**

**Þýskaland-Ísland 29-30 (18-17)**  
Mörk Þýskalands: Holger Glandorf 7, Sven Soren Christophersen 6, Dominik Klein 4, Martin Strobel 3, Jens Tidtke 2, Manuel Spatz 1, Christian Schone 1, Lars Kaufmann 1, Oliver Roggisch 1, Michael Muller 1, Sebastian Preiss 1, Torsten Jansen 1/1.  
Varin skot: Silvio Heinevetter 9, Carsten Lichtlein 5.  
Mörk Íslands: Guðjón Valur Sigurðsson 7/3, Logi Geirsson 6, Einar Hólmgeirsson 6, Róbert Gunnarsson 5, Aron Pálmarsson 3, Vignir Svavarsson 1, Þórir Ólafsson 1, Björgvin Páll Gústavsson 1.  
Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 14.

**Enska úrvalsdeildin:**

CHELSEA - ARSENAL	1-2
1-0 Johan Djourou, sjm (58.), 1-1 Robin van Persie (58.), 1-2 Robin van Persie (61.).	
MAN. CITY - MANCHESTER UNITED	0-1
0-1 Wayne Rooney (41.).	
PORTSMOUTH - BLACKBURN ROVERS	3-2
1-0 Peter Crouch (48.), 2-0 Jermain Defoe (52.), 2-1 Matt Derbyshire (61.), 2-2 Tugay Kerimoglu (66.), 3-2 Sean Davis (78.).	
TOTTENHAM HOTSPUR - EVERTON	0-1
0-1 Steven Pienaar (50.), 0-1 Steven Pienaar (52.).	

**STADAN:**

Chelsea	14	10	3	1	32-4	33
Liverpool	14	10	3	1	21-8	35
<b>Man. United</b>	<b>14</b>	<b>8</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>26-10</b>	<b>28</b>
Aston Villa	15	7	4	4	22-16	25
Arsenal	14	7	2	5	25-18	23
Hull City	15	6	5	4	22-24	23
<b>Everton</b>	<b>15</b>	<b>6</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>20-22</b>	<b>22</b>
Portsmouth	15	6	4	5	18-22	22
Bolton	15	6	2	7	18-17	20
Fulham	14	5	4	5	12-11	19
<b>Wigan Athletic</b>	<b>15</b>	<b>5</b>	<b>4</b>	<b>6</b>	<b>18-19</b>	<b>19</b>
Middlesbrough	15	5	4	6	15-21	19
Stoke City	15	5	3	7	15-25	18
Man. City	15	5	2	8	29-23	17
<b>West Ham</b>	<b>14</b>	<b>5</b>	<b>2</b>	<b>7</b>	<b>17-22</b>	<b>17</b>
Tottenham	15	4	3	8	17-21	15
<b>Newcastle</b>	<b>15</b>	<b>3</b>	<b>6</b>	<b>17-22</b>	<b>15</b>	
Sunderland	15	4	3	8	13-24	15
<b>Blackburn</b>	<b>15</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>8</b>	<b>16-28</b>	<b>13</b>
WBA	15	3	2	10	11-27	11



**ROY KEANE** Framtíð hans hjá Sunderland er í óvissu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Roy Keane:  
**Samningaviðræður í bið**

**FÓTBOLTI** Roy Keane sagði ekki af sér sem stjóri Sunderland í gær. Hann sagði þó í gær að samningaviðræður við félagið hefðu verið settar í salt en samningur Keane rennur út í lok tímabilsins.

„Það þýðir ekkert að vera í einhverjum samningaviðræðum núna. Stjórnin er eflaust svekkt með gengið og það erum við líka. Staðan er ekki nógu góð og ég býð ekki upp á nein afsakanir,“ sagði Keane. - hbg

**Framtíð landsliðsins er mjög björt**

Íslenska landsliðið vann góðan sigur á Þjóðverjum, 30-29, í síðari vinnuleik liðanna í Koblenz í gær. Frammistaða íslenska liðsins er eftirtektarverð en sex leikmenn úr silfurliðinu spiluðu ekki um helgina. Þeir sem komu inn í staðinn stóðu heldur betur fyrir sínu og breiddin í landsliðinu heldur áfram að aukast.

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari getur verið stoltur af strákunum sínum eftir helgina. Landsliðið gerði jafntefli við Þjóðverja á laugardag og vann svo síðari leikinn í gær með einu marki, 30-29.

Guðmundur var án sex lykilmanna um helgina og renndi því nokkuð blint í sjóinn með frammistöðu liðsins en þeir sem spiluðu svöruðu kallinu með stæl.

„Þetta var glæsilegt. Það er ekki hægt að segja annað. Ég er rosalega sáttur með þessa leiki og frábært að sigra hérna,“ sagði Guðmundur kátur. „Liðið spilaði frábæra vörn í síðari hálfleik og markvarslan var mögnuð. Það hjálpaði síðan ekki til að margir dómur voru afar skrítnir og alls ekki okkur í vil. Menn lögðust samt ekki niður líkt og áður og sýndu enn og aftur magnaðan karakter.“

Leikurinn í gær var nokkuð frábrugðinn fyrri leiknum. Það var mun meiri hraði í leiknum og menn tókust fastar á. Þjóðverjar komust á köflum upp með nokkuð grófan leik án þess að dómarnir sæju ástæðu til þess að fetta fingur út í það. Jafnræði var með liðunum allan fyrri hálfleikinn og Þjóðverjar leiddu í hálfleik með einu marki líkt og á laugardag, 18-17.

Síðari hálfleikurinn var afar hraður og minnti oft á borótennis. Spilað endanna á milli af fullu gasi. Íslenska liðið náði forystunni nokkrum sinnum en tapaði henni niður jafnarðan og liðin skiptust í raun á að leida. Þjóðverjar komust yfir 28-29 en síðustu tvö mörkin voru íslensk. Fyrst frá-



**HETJAN** Róbert Gunnarsson skoraði sigurmarkið í gær en hann spilaði afar vel í báðum leikjunum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

bært mark hjá Einari Hólmgeirssyni, sem var mjög öflugur, og svo skoraði Róbert sigurmarkið.

Þjóðverjar fengu færi á að jafna en hinn ofmetni Lars Kaufmann skaut beint í íslensku hávörnina og var vel við hæfi að íslenska

vörnin skyldi klára leikinn endanlega en hún var mjög sterk í síðari hálfleik. „Ég vissi náttúrulega ekki alveg við hverju átti að búast fyrir þessa helgi enda hafa þessir strákur ekkert leikið saman. Ég var því nokkuð huggsi fyrir helgina,“ sagði

Guðmundur léttur en hann gat ekki hrósað strákunum nógu mikið. „Ég er alveg hrikalega ánægður með strákana og sérstaklega gaman að sjá ungu strákana sem virtust aldrei hafa gert annað en að spila með landsliðinu. Það var mjög gott að ná að stilla saman strengi á stuttum tíma og koma með fínt lið til leiks.“

Ungu strákarnir fengu nauðsynlega og frábæra reynslu sem ég er ánægður með,“ sagði Guðmundur en nokkra atygli vakti að hann skyldi treysta hinum 18 ára gamla Aroni Pálmarssyni fyrir miðjuhlutverkinu allan leikinn. „Ég tel að hann sé vel að því trausti kominn. Mér finnst hann hafa svarað traustinu með góðum leik og vonandi heldur hann áfram að æfa vel. Hann þarf að passa sig á því að hafa báða fætur á jörðinni. Ég hef í raun ekki áhyggjur af því þar sem hann er mjög jarðbundinn og þarf að vera það áfram. Þannig bætir hann sig og ég hef ekki trú á öðru,“ sagði Guðmundur.

Það er ljóst eftir þessa helgi að það verður enn erfiðara fyrir Guðmund að velja næstu hópa. Aron frábær og Sigurbergur og Rúnar nýttu sín tækifæri líka vel. Einar Hólmgeirsson náði fínnum leik í gær sem var ánægjulegt og Logi skoraði einnig góð mörk og var ógnandi. Björgvin Páll var flottur sem og Róbert sem var geysisterkur. Guðjón Valur líka alltaf í hæsta klassa.

